

Gústi gefur allt upp um refinn



Lætur engan vaða yfir sig



Lifið > 26

Allt

FRÉTTABLAÐIÐ

223. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 12. NÓVEMBER 2021



Fin frammistaða íslenska karlalandsliðsins tryggði Strákunum okkar stig á útivelli gegn Rúmenum í 0-0 jafntefli í Búkarest í gærkvöldi. Ljóst er að Ísland nær ekki að endurtaka leikinn og komast í lokakeppni HM á næsta ári, en undankeppninni lýkur í Skopje um helgina. Birkir Bjarnason jafnaði leikjamat karlalandsliðsins í gær í 104. leik sínum fyrir Íslands hönd. **FRÉTTABLAÐIÐ/EPÁ**

Ákærður fyrir íkveikju og tilraun til fjársvika

Karlmaður er ákærður fyrir að hafa kveikt í veitingastað sínum í Keflavík í fyrra. Eftir brunann krafðist maðurinn bóta úr hendi tryggingafélags vegna eignatjóns og fjártjóns, í kjölfar rekstrarstöðvunar.

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Rúmlega fertugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir brennu, með því að hafa kveikt eld á tveimur stöðum inni

á veitingastaðnum Kebab House í Reykjanesbæ í júní í fyrra, með þeim afleiðingum að eldur breiddist út og olli bæði almannahættu og miklu eignatjóni á húsnæði veitingastaðarins.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir tilraun til fjársvika, með því að hafa í júlí sama ár krafð tryggingafélagið Sjóvá-Almennar um greiðslu bóta vegna tjónsins sem hlaut af eldsvoðanum og í framhaldinu einnig um bætur vegna rekstrarstöðvunar.



Tryggingafélagið hafnaði bótakröfum ákærða vegna gruns um íkveikju.

Í ákæru, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að tryggingafélagið hafi hafnað

greiðslu bóta með vísan til þess að um íkveikju hafi verið að ræða.

Í upphafi var talið að eldurinn hefði kviknað út frá eldamennsku og í frétt Fréttablaðsins af málinu, sama dag og eldsvoðinn varð, var haft eftir Brunavörnum Suðurnesja að maður, sem fluttur var á sjúkrahús vegna gruns um reykeitrún, hefði sjálfur reynt að slökkva eldinn og hlotið af því minni háttar bruna-sár.

Fréttablaðið hefur ekki fengið upplýsingar um hvort ákærði og sá

sem fluttur var á sjúkrahús vegna brunans er sami maðurinn, en í ákærunni er íkveikjunnin lýst þannig að borin hafi verið eldhvetjandi efni að tveimur svæðum í eldhúsi, annars vegar undir borði við kjötstand og grill og hins vegar í hillu undir hitabökkum hjá afgreiðsluborði. Eldur hafi svo verið borinn að umræddum svæðum.

Ákæran var gefin út af héraðs-saksóknara 7. október síðastliðinn og málið verður þingfest í næstu viku í Héraðsdómi Reykjaness. ■

RAFMAGNAÐUR

ENYAQ iV

412 til 534 km drægni (WLTP)

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is/skodasalur

5
ÁRÁKVEIÐING



FÆST EINNIG
FJÓRHJÓLADRIFINN

Verð frá 5.790.000 kr.



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, fer yfir stöðuna með ríkisstjórninni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Ríkisstjórn ræðir harðari aðgerðir

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Ríkisstjórnin ræðir tilögur sóttvarnalækni um hertar aðgerðir gegn kórónaveirunni á fundi sínum í dag. Þungt hljóð var í Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Hann sagði hápunkti yfirstandandi bylgju svo sannarlega ekki náð þrátt fyrir metfjölda smita. En 200 greindust með Covid-19 þarsíðasta sólarhring.

Aðeins tveir dagar eru síðan hertar aðgerðir tóku gildi, með grímuskyldu í þrengri rýmum, 500 manna samkomutakmörkunum og styttri opnunartíma veitinga- og skemmtistaða.

Nú liggja átján á sjúkrahúsi með COVID-19. Þar af eru fjórir á gjörgæslu. ■

Allt er þegar þrennt er



Birgir Ármannsson, formaður undirbúningsnefndar kjörbréfanefndar, var ákveðinn á svip þegar hann náði í gögn í tengslum við alþingiskosningarnar á dögnum. Þetta var þriðja ferð kjörbréfanefndar í Borgarnes og vonaðist Birgir til þess að spurningum nefndarinnar yrði svarað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Verður hægt að dylja nafn sitt og lögheimili

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Samkvæmt nýrri reglugerð Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, getur einstaklingur sótt um að dylja nafn sitt og heimilisfang eða aðsetur í þjóðskrá. Er þetta gert til að vernda viðkomandi fyrir utanadkomandi hættu og þarf staðfesting lögreglu að liggja fyrir til þess að upplýsingarnar verði duldar.

„Heimild fyrir að hafa nafn og/ eða lögheimili/aðsetur dulið skal ekki vara lengur en þörf er á og getur aðeins gilt til eins árs í senn,“ segir í reglugerðardrögnum. „Þannig fellur vernd niður að þeim tíma liðnum eða fyrr, ef hættan er liðin hjá og tilkynning þess efnis berst



Polendur elti hrella eru fjölmargir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þjóðskrá Íslands frá hlutaðeigandi eða frá lögreglu.“

Ekki kemur fram hvers konar vernd sé um að ræða. Gera má ráð fyrir að þolendur ofbeldis og elti hrella geti nýtt sér þetta eða þá vitni í sakamálum. ■

Börn í Breiðholti ólíklegust til að nýta frístundastyrkina

Átak stendur yfir til að efla virkni barna í tómstundastarfi í Breiðholti. Aðeins sextíu prósent barna þar nýta frístundakortið, en hlutfallið er allt að níutíu prósent í öðrum hverfum.

bth@frettabladid.is

JAFNRÉTTI Mikil viðbrögð hafa orðið við fréttaskýringu Fréttablaðsins um að fjöldi íslenskra barna hafi ekki efni á íþrótt- og tómstundastarfi. Þörf á hækkan frístundastyrks er rauður þráður í umkvörtunum foreldra sem borist hafa blaðinu.

Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar hjá Reykjavíkurborg, segir ekki útilokað að frístundastyrkurinn verði hækkaður. Umbætur á frístundakortinu séu til stöðugrar skoðunar.

„Það er sláandi að lesa þessa fréttaskýringu Fréttablaðsins og mjög slæmt ef sum börn upplifa sorg,“ segir Hjálmar.

„En þetta setur líka þær kvaddir á íþróttafélögin að stilla sinni gjaldskrá og ferðalögum í hóf þannig að enginn sé skilinn eftir út undan,“ bætir hann við.

Í fréttaskýringunni kom fram að innflytjendur, atvinnulausir foreldrar og öryrkjar væru sérlega viðkvæmir fyrir vaxandi kostnaði. Keppnisferðir eru eitt dæmi um slíkt, þar sem bjargir foreldra til að safna fé eru mjög misgóðar.

Hjálmar segir að heilt yfir telji hann að vel hafi tekist til með frístundakortið. Nýting þess sé allt að 90% í sumum hverfum borgarinnar. Þó er ekki sömu sögu að segja um alla hluta borgarinnar.

„Nýtingin er minnst í Breiðholti, um sextíu prósent,“ segir Hjálmar.

Vegna þeirrar staðreyndar hefur borgin efnt til átaks til að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti.



Reykjavíkurborg hefur tímabundið hækkað greiðslu frístundastyrks til barna í Breiðholti. Liður í átaki til jafnræðis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Nýtingin er minnst í Breiðholti, um sextíu prósent.



Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins



Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

„Einn liður til að auka jafnræði er að börn í fyrsta og öðrum bekk í Breiðholti fá 80.000 krónur á ári til að stunda íþróttir,“ segir Hjálmar. Algengt er að frístundastyrkur sveitarfélaga sé 50.000 krónur.

Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins, segir að frístundastyrkurinn sé ekki bara of lágur heldur séu reglur um hann of stífar.

Í fréttaskýringunni kom fram að hægt væri að nota frístundakortið til að greiða fyrir frístundaheimili. Kolbrún segir það bagalegt og því þurfi að breyta.

„Borgin verður að tryggja að barnið eitt geti notað kortið og að foreldrum sé boðin aðstoð til að greiða frístundaheimili,“ segir Kolbrún. ■



Jólin hefjast á Jómfrúnni

Jólmatseðill frá 11. nóvember.

Kom glad!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is



NÝR iX

Rafmagnaður



BMW iX, fjórhjóladrifinn,
drægni 425–630 km*.

BMW iX er brautryðjandi nýrra tíma sem er hannaður fyrir rafmagnaða akstursupplifun með allt að 630 km* drægni ásamt tækni og þægindum sem heimurinn hefur ekki upplifað áður. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu nýjum BMW iX og upplíftu sígild BMW gæði og glæsileika.

www.bmw.is

4 ÁRA ÁBYRGÐ

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Mikið álag víða á heilsugæslum

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 „Það er rosalegt álag á öllum heilsugæslum og læknavaktinni. Það eru margar pestir í gangi í samfélaginu og mikið af veikum börnum,“ segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir

Hún biðlar til fólks að sýna biðlund og ekki koma á heilsugæslustöðvar að óþörfu.

„Við biðjum fólk að rjúka ekki til og láta hlusta börnin eða skoða þau nema þau séu búin að vera veik lengi eða hafi alvarleg einkenni. Heldur vera heima með börnin í rólegheitum og hlúa að þeim.“

Hún segir álag á heilbrigðiskerfið ekki einungis bitna á Landspítalanum, allt heilbrigðiskerfið sé undirlagt af Covid.

„Við finnum það greinilega að umræðan um Covid hefur haft þau áhrif að fólki finnst það frekar þurfa að koma og láta skoða sig og það virðist vera mikill heilsukvíði í samfélaginu.“ ■

Fylgi Zúista á hraðri niðurleið

birnadrofn@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG Einstaklingum sem skráðir voru í trúfélag Zúista fækkaði um 260 frá því í desember í fyrra þar til þann 1. nóvember síðastliðinn. Á sama tíma fjölgaði meðlimum mest í Síðmennt, eða um 471, og í Ásatrúarfélaginu um 337 meðlimi.

Alls voru um 229 þúsund einstaklingar skráðir í þjóðkirkjuna þann 1. nóvember. Hefur skráðum meðlimum þar fækkað um 231 á rúmu ári.

Þjóðkirkjan er langfjölmennasta trúfélag landsins en því næst er Kapólska kirkjan með tæplega 15 þúsund skráða meðlimi og Fríkirkjan í Reykjavík með rétt rúmlega 10 þúsund meðlimi. Í byrjun þessa mánaðar voru 7,8 prósent landsmanna skráð utan trúfélaga. ■

Hækkunar á húsnæði og bensíni leiða til verðbólgu

helenaros@frettabladid.is

NEYTENDAMÁL Umræða um verðhækkunar og verðbólguþáttur getur ýtt upp verðbólguvæntingum og haft áhrif á verðákvæðanir fyrir tækja, segir Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri verðlagseftirlits ASÍ.

Hafa þurfi í huga að hækkun á hrávöruverði leiði ekki sjálfkrafa til verðhækkana. Helstu drifkraftar verðbólgunnar þessa dagana eru húsnæðisverð, þá sérstaklega húsaleiga, og hækkun bensínverðs.

Arshækkun húsnæðiskostnaðar mælist 9,6 prósent og bensínverð

hafi hækkað um 20 prósent á einu ári en í sumum tilfellum hafi verðið lækkað. „Taka skal fram að þessir vörflokkar hafa þó hækkað töluvert í verði frá því að faraldurinn fór af stað,“ segir hún.

Ýmis þjónusta, einkum þjónusta tengd ferðaþjónustunni, hafi hækkað nokkuð í verði á þessu ári. Hluti hækkana sé því tilkominn vegna þess að atvinnulífið sé að fara aftur af stað, að sögn Auðar Ólfu.

„Ferðir og flutningar og flugfaragjöld eru þeir þjónustuliðir sem hafa hækkað hvað mest í verði á árinu.“

Auður segir ekki víst hvort ein-



Launakjör skipta máli, en það sem skiptir á endanum máli er

hversu mikið fæst fyrir launin.



Auður Alfa Ólafsdóttir

hver hópur finni meira fyrir hækkuninni. Það fari eftir því hvað sé að hækka og hvernig neyslan sé.

„Allar verðhækkunar rýra kjör almennings og éta upp launahækkunar, en verðhækkunar á nauðsynjavörum eins og matvöru koma verr niður á tekjulægri hópum.“

Á næsta ári munu fjölmargir kjarasamningar renna út og segir Auður að verðlagsþróun hafi áhrif á gerð samninga þar sem verðbólga hafi áhrif á kjör almennings.

„Launakjör skipta máli, en það sem skiptir á endanum máli er hversu mikið fæst fyrir launin.“ ■

Alvarleg slys á hlaupahjólum tífaldast

Sprenging hefur orðið í tíðni alvarlegra slysa á rafhlaupahjólum. Samgöngustofa lýsir þungum áhyggjum af komandi vetri.

bth@frettabladid.is

UMFERÐARMÁL „Það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af rafhlaupahjólum, hvernig við notum þau,“ segir Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar hjá Samgöngustofu.

„Við erum að sjá á okkar skráningu, sem byggir á lögregluskýrslum, að þrjátíu hafa slasast alvarlega á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Á sama tíma í fyrra voru þeir þrír,“ bætir Gunnar við.

Skilgreining á alvarlega slösuðum er frá beinbroti upp í lífshættuleg meiðsl. Þegar hálfan bætist við verða rafhlaupahjól enn hættulegri.

„Ég hef miklar áhyggjur af komandi vetri miðað við þá slysa-sprengingu sem hefur orðið milli ára,“ segir Gunnar.

Fyrsta banaslys vegfaranda á rafhlaupahjólum varð í vikunni. Um ástæður slyssins liggur fátt fyrir en aukningin í notkun rafhlaupahjóna hefur nánast valdið byltingu í samgönguvenjum þjóðarinnar í þéttbýli.

Lítill dekk eru undir hjólunum. Erfitt er að bera fyrir sig hendur ef eitthvað kemur upp. Ýmsir eiginleikar fylgja þessari tegund farartækja sem gera þau óskynsamleg í hálfu, samkvæmt sérfræðingum Samgöngustofu.

„Ég myndi segja að þessari menningu væri töluvert ábótavant,“ segir Gunnar. „Þessi hjól eru mjög góð



Samgöngustofa lýsir áhyggjum af umferð rafhlaupahjóna á komandi mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Við erum að sjá á okkar skráningu, sem byggir á lögregluskýrslum, að þrjátíu hafa slasast alvarlega á fyrstu níu mánuðum þessa árs.



Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri hjá Samgöngustofu

og gagnleg til síns brúks ef þau eru notuð rétt, en það eru þættir sem við misnotum við umferð þeirra.“

Gunnar segir að einkum þrenns konar úrbætur þurfi að verða á umferðarmenningu Íslendinga.

Í fyrsta lagi verði að koma í veg fyrir að fólki finnst í lagi að ferðast ölvad á rafhlaupahjólum. Margsannað sé að erfiðara sé að ráða við hjólin á djamminu en til dæmis reiðhjól.

Í öðru lagi þurfi vakningu meðal foreldra. Allt of mörg ung börn séu á hjólunum hjálmaus og reiði aðra krakka, þau hafi ekki fengið fræðslu um notkun hjólanna, þekki ekki umferðarmerki og skilji illa hætturarnar í umferðinni.

Í þriðja lagi séu dæmi um að hlaupahjól fari hraðar en leyflegt sé, það er á 25 km hraða. Rafhlaupahjól séu ólögleg ef þau fari

yfir það og leita þurfi skýringa þess að sum hjól komist yfir þann hraða.

Auk alvarlegra slysa sem tengjast rafhlaupahjólum hafa læknar lýst áhyggjum af mörgum minni háttar áverkum, oft um helgar. Þekkt er að margir öikumenn hjólanna hafa brotið tennur eftir árekstra eða byltur.

Tannlæknirinn Karl Gunnlaugsson sagði í Fréttablaðinu fyrir skemmstu að slys væru algengast hjá ungu fólki á tvítugs- og þrítugsaldri.

Í langflestum tilvikum mætti tengja þau við áfengisdrykkju um helgar en flest útköllin berist snemma á laugardags- og sunnudagsmorgnum.

Sorglegt sé að horfa upp á ungt fólk með heilbrigðar tennur lenda í ýmsum óhöppum. ■

Síðustu sætin til Tenerife um jólin

21.des – 4.jan
Beint morgunflug

Frá 196.540 kr
m.v. 2 fullorðna og 2 börn

• Sími: 556 2000

• Sundagarðar 2 -
104 Reykjavík

Aventura
www.aventura.is





Njótum saman

HAGKAUP

Tilboð gilda út 14. nóvember



Gille lítil piparkökuhús

449 kr/pk



Piparkökuhús

899 kr/pk



Glassúr 5 litir

999 kr/pk



Ferskur kjúklingur
Verð áður 979


783 kr/kg

20%
afsláttur



Lambahryggur ½
lundarhluti
Verð áður 3.699

3.399 kr/kg



Fisherman þorskur
í tempura 800 g
Verð áður 1.419

1.249 kr/pk

TILBOÐ

Frystivara



Miðinn mun kosta 1.800 krónur í stað 1.600. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Veruleg hækkun á miðaverði hjá HÍ

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDUR Verð hlutamiða hjá Happraðtti Háskóla Íslands verður hækkað í 1.800 krónur, samkvæmt nýjum drögum dómismálaráðherra. Miðinn hefur kostað 1.600 krónur síðan árið 2018.

Verðbreytingar hafa verið örar á undanförunum áratug. Árið 2010 kostaði miðinn 1.100 krónur og var hækkaður í 1.300 árið 2012 og 1.500 krónur árið 2015. Gerir þetta hækkun um meira en 60 prósent. Til samanburðar hækkaði miðinn aðeins um 300 krónur áratuginn þar á undan, úr 800 krónum í 1.100.

Samkvæmt nýjasta ársreikningi Happraðttis Háskóla Íslands, frá árinu 2019, var hagnaður félagsins rúmí 1,6 milljarðar króna, sem var aukning um 24 prósent frá árinu áður. ■

Óvist hvort börn fái aukaskammt

birnadrofn@frettabladi.is

COVID-19 Þau sem hafa fengið Covid-19 og tvo skammta af bóluefni þurfa ekki að fara í örvunarskammt, samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH).

„Við teljum upp að þremur. Þannig að ef þú hefur fengið tvo skammta af bóluefni og Covid þá ertu komin upp í þrjá. Við leggjum það að jöfnu að sýking sé eins og einn skammtur,“ segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Ragnheiður segir að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um það hvort bólusetting börn skuli fá örvunarskammt. „Við gerum ráð fyrir því en það er þá ekki fyrir en eftir áramót þar sem bólusetning tólf til fimmtán ára hófst ekki fyrir en í ágúst.“

Aðspurð segir Ragnheiður að þau börn sem fædd eru 2009 en hafi ekki verið orðin tólf ára þegar þeirra árgangur var bólusettur hafi skilað sér vel í bólusetningu. ■

Covid-göngudeildin í Birkiborg er ekki músheld

thk@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Már Kristjánsson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans, segir húsakost Landspítalans óboðlegan. Húsnæði aðalgöngudeilda smitsjúkdómadeildarinnar sé meira að segja ekki múshelt. „Við höfum lengi verið með spítalann í yfirkefslu, um og yfir hundrað prósentá rúmanýtingu, en við höfum verið með of fátt heilbrigðisstarfsfólk,“ sagði Már á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi og bætti við að of fátt starfsfólk drægi úr getu spítalans til að sinna öðrum og mikilvægum störfum.

Í þeirri stöðu sem uppi er ræður Landspítalinn einfaldlega ekki við farsótt eins Covid. „Við erum búin að þruga í 22 mánuði með skerðingu á starfsemi og það er ekkert í kortunum annað en að það verði svona áfram, nema eitthvað mjög drastískt verði gert í samfélaginu,“ benti Már á.

Starfsmenn Landspítalans eru afar stoltir af stofnuninni, sagði Már. Hins vegar þurfi mikið að breytast. „Við erum í stöðugri samkeppni um fólk, að fá fólk að utan úr námi. Við þurfum að skapa ungu fólk gott vinnuumhverfi og vera samkeppnishæf því sem gerist erlendis.“



Már Kristjánsson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans

hátt þörfum nútímans. „Birkiborg er ónýtilegt húsnæði. Þar hefur samt verið haldið uppi aðalgöngudeildinni okkar,“ sagði Már og bætti við að húsið væri ekki múshelt. „Þetta er ekki mönnum bjóðandi.“

Nýr Landspítali er í byggingu en Már sagði of langt í að smitsjúkdómadeildin gæti flutt starfsemi sína þangað. „Við í framkvæmdastjórninni erum að horfa til átta til tíu ára þangað til við erum flutt þangað inn. Það er kannski áratugur. Þetta er of dýrkeypt fyrir okkur,“ sagði Már enn fremur, en Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut klukkan 18.30. ■

Byggingar spítalans, sem margar hverjar voru byggðar um miðja síðustu öld, sagði Már að væru ósveigjanlegar og mættu ekki á nokkurn

Litið til álits eftirlitsstofnunar EFTA við útfærslu á leigubílafrumvarpinu

Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum rökstutt álit í viku vegna brota á EES-samningnum með takmörkunum á úthlutun leigubíla-leifya. Samgönguráðherra segir álitid setja leigubílafrumvarpið í forgang á nýju þingi, sem gæti opnað fyrir farveitur á Íslandi.

mhj@frettabladid.is


SAMGÖNGUR Íslensk stjórnvöld hafa tvo mánuði til að bregðast við álit eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna brota á EES-reglum um staðfesturétt á leigubifreiðamarkaði, annars vísar ESA málinu til EFTA-dómstólsins.

Álitid er skref í meðferð samningsbrotamáls, en ESA hefur áður komist að sambærilegri niðurstöðu.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, segir álitid gera leigubílafrumvarpið svokallaða að forgangsmáli á nýju þingi, en frumvarpið var sett á ís síðasta haust vegna mikilvægar forgangsmála. Ef frumvarpið verður samþykkt getur það greitt leið farveitna á borð við Uber og Lyft inn á íslenskan markað.

Að mati ESA takmarkar núverandi löggjöf um leigubifreiðar úthlutun atvinnuleyfa fyrir leigubifreiðaaakstur á ákveðnum svæðum, sem gerir nýjum rekstraraðilum erfitt eða jafnvel ómögulegt að komast inn á markaðinn.

„Í lögnum er sömuleiðis gert ráð fyrir að leigubílastjórar innan skil-



ESA segir lögin gera nýjum rekstraraðilum nær ómögulegt að komast inn á markaðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLHELM



Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra

greindra svæða séu tengdir leigubifreiðastöð og hafi leigubílaakstur að aðalstarfi. Slík takmörkun á staðfesturétti, sem jafnvel útilokar aðkomu nýrra aðila á markaðinn, dregur úr samkeppni og takmarkar nýsköpun sem leiðir til herra verðs fyrir neytendur,“ segir í álit ESA.

Sigurður Ingi segir að frum-

varpið, sem var unnið eftir skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á íslensku regluverki um leigubifreiðar og lá í þinginu allan síðasta vetur, svari flestum ávirðingum ESA. „Þetta frumvarp er til, það er á þingmálaskrá og verður lagt fram að nýju. Það svarar flestum af þessum ávirðingum ESA,“ segir Sigurður. Spurður hvort það frumvarp greiði ekki leið fyrir farveitur á borð við Uber og Lyft hér heima, segir Sigurður það mögulegt.


„Það getur opnað fyrir það ef þeir uppfylla þær kröfur sem settar eru í frumvarpinu,“ segir Sigurður og bætir við að staða farveitna í Evrópu hafi breyst frá því að frumvarpið var samið. „Í millitíðinni

hefur það gerst að Uber hefur verið flokkað af Evrópuregluverkinu sem flutningafyrirtæki, en ekki deiliahagkerfi. Sem þýðir að þeir þurfa bara að uppfylla sömu kröfur og aðrir. Ef þeir gera það, þá geta þeir verið með starfsemi á Íslandi.“

Spurður hvort það sé meirihluti fyrir frumvarpinu á þingi, segir Sigurður að það hafi verið skiptar skoðanir um það þegar það var til umfjöllunar síðast.

„En ég held að langstærsti hópurinn hafi talið það eðlilegt að verða við þessum grundvallarbreytingum svo við værum til að mynda ekki að fara að lenda í því að þurfa að verjast fyrir dómstólum,“ segir Sigurður. ■

FRÁBÆR VERÐ
Á DEKKJUM



ÞAÐ ER ÓÞARFI
AÐ NEGLA TÍMANN

HAFNARFJÖRÐUR
Hjallahraun 4

NJARÐVÍK
Fitjabraut 12

KÓPAVOGUR
Smíðjuvegur 34

REYKJAVÍK
Skútvogur 2

 **SÓLNING** | Renndu við



Árlega deyja um 320 karlar úr krabbameinum.
Því fyrr sem krabbamein greinist, því meiri líkur eru á bata.
Tíminn er dýrmætur. Ekki bíða til æviloka.

Kynntu þér einkennin á pabbamein.is.



Krabbameinsfélagið

Gert að tæma húsið í Brákaraley fyrir miðjan janúar

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTURLAND Félögum sem höfðu aðstöðu í gamla sláturhúsinu í Brákaraley hefur verið gert að tæma húsnæðið fyrir 16. janúar. Borgarbyggð ákvað að loka húsinu í febrúar eftir brunaúttekt og viðhaldsskýrslu sem sýndi fram á 600 milljóna kostnað.

„Þetta er hrikalegt,“ segir Þórður Sigurðsson formaður Skotfélagsins. Einnig höfðu aðstöðu í húsinu Golfklúbburinn, Fornbílafélagið, Bifhjólafélagið og Púthópurinn, sem í október sendu áskorun á sveitarstjórn að opna það aftur.

„Okkur hefur ekki verið boðið eitt

eða neitt en bæjarstjórn skreytir sig með því að okkur hafi verið boðið að sækja um útisvæði,“ segir Þórður. Umrætt svæði er við Ölduhrygg, svæði sem félaginu var synjað um árið 2015.

Þegar skotfélagið var stofnað, árið 2012, var því boðin aðstaðan í Brákaraley og gerðu félagsmenn upp húsnæði sitt að innan. „Við settum upp vegg, steiptum í gólf og réttum þau af, settum í loftin, máluðum, settum upp hurðir, pípulagnir, smíðuðum stálvirki á veggina og flóttaramp,“ segir Þórður. Fleiri þúsund vinnustundir félagsmanna, sem margir hverjir eru iðnaðarmenn, hafi farið



Félagsmenn hafa eytt þúsundum vinnustunda í húsið.

MYND/VÍÐHALDSSKÝRSLA

í verkið og margir hafi keypt efni út á sinn reikning.

„Við viljum að húsið verði lagað og það kostar engar 600 milljónir,“ segir Þórður. Hvað Skotfélagið varðar þarf að laga þakið, kostnaður var áætlaður um 50 milljónir, og hafi félagsmenn boðist til að gefa vinnu sína ef sveitarstjórn skaffaði járníð.

Þóris Sif Sigurðardóttir sveitarstjóri segir ákvörðun um framtíð hússins verða tekna fyrir lok kjörtímabilsins. Hluti hússins verði þó rífinn.

„Þetta er stórt verkefni sem yrði aldrei gert án mikillar fjárhagslegrar aðkomu sveitarfélagsins,“

segir Þóris. Varðandi mikla vinnu og fjármagn sem Skotfélagið hafi lagt í húsið, segir hún að flestir í húsnæðinu hafi verið með samning til eins árs í senn. Í þeim komi fram að allt sem framkvæmt er verði eign sveitarfélagsins.

„Við höfum boðið Skotfélaginu að sækja um starfsleyfi á útisvæði sem býið er að taka út, út frá hljóðvörnum. Við stefnum einnig á uppbyggingu íþróttamannvirkis og höfum rætt um það hvort þar gæti verið aðstaða fyrir Skotfélagið,“ segir Þóris. Hvað það mannvirki varðar er enn þá verið að gera rannsóknir á jarðvegi. ■

UNICEF fékk tilkynningu inn á borð sitt um kærur gegn starfsfólki skóla í Hafnarfirði

Brúin, verkefni á vegum Hafnarfjarðar, var á dögnum tilnefnt til alþjóðlegra hvatningarverðlauna UNICEF. Samtökunum var í kjölfarið tilkynnt að til rannsóknar hjá lögreglunni væri mál tengt innilokun barns í bæjarfélaginu. Hafnarfjarðarbær frétti fyrst af kærinni í gær.

lovisa@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Kennari og þrjár starfsmenn grunnskóla, sem kærðir hafa verið til lögreglu vegna innilokunar barns, starfa við skóla í Hafnarfirði. Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu í byrjun mánaðarins en ekki í hvaða sveitarfélagi sá grunnskóli sem um ræðir er.

Upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar hafði ekki heyrt um málið þegar Fréttablaðið leitaði svara og kvaðst þurfa að leita viðbragða hjá sviðsstjórum og lögfræðingum sveitarfélagsins. „Sveitarfélagið fékk fyrst upplýsingar um kærur til lögreglu í dag. Málið er því í rannsókn á þeim vettvangi og tjáir sveitarfélagið sig ekki um það frekar á þessu stigi,“ segir í svari bæjarins við fyrirsögn Fréttablaðsins.

Verkefni á vegum Hafnarfjarðar var á dögnum tilnefnt til hvatningarverðlauna í alþjóðlegri keppni á vegum UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, en UNICEF, á alþjóðavísu, hefur nú verið tilkynnt um kærurnar.

Verkefnið sem var tilnefnt kallast Brúin og tekur þátt í keppninni í flokki um barnvæna félagsþjónustu



samkvæmt vef Hafnarfjarðarbæjar, en tilgangur verkefnisins er að samþætta þjónustu bæjarins og efla stuðning og þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins.

Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, segir að hún viti ekki hvort þessar upplýsingar hafi áhrif á verðlaunafhendinguna en að UNICEF erlendis hafi verið tilkynnt um kærurnar.

Málið sé í skoðun hjá samtökunum og Hafnarfjarðarbær hafi verið tilkynnt um það. „Við fáum að vita að málið snerti Hafnarfjarðarbær þegar tilkynnt er um tilnefningarnar. „Við erum í samtali við bæði aðstandendur keppinnar, sem er UNICEF úti í heimi, og við Hafnarfjarðarbær og erum í góðu samtali við báða aðila,“ segir Birna



Þetta eru auðvitað sorgleg dæmi um réttindabrot á börnum sem við viljum ekki sjá.



Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF

Hún vill taka fram að þrátt fyrir þetta styðji UNICEF heilshugar við verkefnið sem er tilnefnt.

„UNICEF á Íslandi styður heilshugar markmið Brúarinnar, en það er verklagið þar sem er tilnefnt til verðlaunanna, vegna þess að það snýr að því að brjóta kerfi út úr sílóm í þágu hagsmuna barnsins.“

Birna segir að Hafnarfjörður sé að vinna sig í áttina að því að verða barnvæn sveitarfélag.

„Þetta er viljayfirlýsing, að fara í þetta verkefni með okkur, og þá ertu að segja að þú viljir vinna að réttindum barna í sveitarfélaginu og þú útskrifast ekki sama dag og þú skrifar undir viljayfirlýsinguna,“ segir Birna. UNICEF líti svo á að ef og þegar mál komi upp, skipti mestu að dreginn sé uppbyggilegur lærdómur

Hafnarfjarðarbær skrifaði undir samning um innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2019. Þá sagðist bærin ætla að setja upp barnaréttindagleraugun. MYND/HAFNARFJARÐARBÆR

af þeim og tryggt að þau endurtaki sig ekki.

„Í þessu ákveðna tilviki eru réttindi barnsins þverbrotin og þarna hefði réttindafræðsla sannarlega komið að gagni. Við teljum jákvætt að vera í samstarfi við Hafnarfjarðarbær í því að breyta og bæta starfshætti hjá bænum svo að bæði allt starfsfólk sem starfar með börnum fái fræðslu og að ákvarðanir sem verða börn séu alltaf teknar með hagsmunum þeirra að leiðarljósi,“ segir Birna.

Aðspurð segir hún að sveitarfélagið hafi ekki tilkynnt UNICEF á Íslandi um kærna og segist ekki geta lagt mat á hvort það hefði átt að gera það.

„Ég held að þetta undirstriki svo ekki verði um villst mikilvægi akkúrat þeirrar vinnu sem við erum í. Þú getur varla fengið skýrara dæmi um mikilvægi þess að fólk sem vinnur með börnum fái fræðslu um þeirra réttindi,“ segir Birna um áhrif málsins á tilnefninguna og bætir við: „Verkefnið Barnvæn sveitarfélög gefur okkur frábært tækifæri til að vinna með Hafnarfjarðarbær á uppbyggilegan hátt að réttindum barna.“

Birna játar því að innilokanir barna og valdbeiting gegn þeim, sem fjallað hafi verið um nýverið, hafi verið rædd á skrifstofu UNICEF.

„Þetta eru auðvitað sorgleg dæmi um réttindabrot á börnum sem við viljum ekki sjá. En tveiflir okkur í vinnunni sem við erum í með fjölda sveitarfélaga og skóla, því við erum líka með verkefnið Réttindaskólar, sem snýst um að innleiða Barnasáttmálann í starfshætti skóla.“ ■

BÍLAMENNING
AKTURSGLÆDI LIÐINNAR ALDAR Í MÁLI OG MYNDUM

STÓRVIRKI UM BÍLA

Hér fjallar Örn Sigurðsson um bíla og allt sem þeim tengist í ríkulega myndskreyttu verki.

Ómissandi fyrir allt bílaáhugafólk!

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is



HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

HVÍT JÓL
með enox.®



Þvottavél og þurrkari á frábæru verði

Þvottavél Enox

64.990 kr

~~84.990~~ kr

Þvottavél Enox

1400 snúninga, 8 kg, kolalaus mótur. 16 þvottakerfi, allt frá hraðþvotti, ECO, ullar- og íþróttafatnaði. Orkuflokkur B. 1860472

Þurrkari Enox

64.990 kr

~~84.990~~ kr

Þurrkari Enox

Öflugur 8 kg barkalaus þurrkari. 69dB. 16 þurrkkerfi. Orkuflokkur B. 1860473

enox.®
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Fæst í öllum verslunum Húsasmiðjunnar

Vandamál



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Mannréttindi fólks hafa í langan tíma verið takmörkuð vegna Covid-faraldursins. Það væri hættulegt að taka því sem sjálf-sögðum hlut. Við búum við óeðlilegt ástand og verðum að muna að svo er, en ekki sætta okkur þegjandi við það og hætta að spyrja um nauðsyn og tilgang allra þeirra hafta sem við höfum þurft að búa við.

Forsvarsmenn sóttvarna hér á landi eiga ekki að bregðast illa við gagnrýni eða spurningum sem þeim þykir óþægilegt að svara. Þeir sem spyrja erfiðra spurninga gera það vegna þess að þeir vita að brýnt er að vakta frelsi og mannréttindi á tímum þar sem hætta er á að stjórnvöld taki sér of mikið vald, með þeim afleiðingum að fólk endurheimti aldrei að fullu það sem tekið var af því. Covid má ekki stuðla að þessu. Endalgaust má deila um það hversu miklar og harðar sóttvarnir eiga að vera en eitt á að vera öllum ljóst og það er að fólk á rétt á að endurheimta frelsi sitt að fullu. Stjórnmalámennt eiga að leggja áherslu á þetta og það eiga sóttvarnaryfirvöld sömuleiðis að gera, en ekki skammast út í þá sem eru gagnrýnir á aðgerðir.

Á dögunum, þegar tilkynnt var í enn eitt skiptið um hertar aðgerðir vegna Covid, sagði Víðir Reynisson yfirlögrelupjónn að ekki væri í boði að hengja haus og vera fúll. Þessi orð lýsa ekki sérlega mikilli nærgætni í garð þeirra sem verða fyrir verulegu fjárhagstjóni, atvinnumissi eða þjást af vanlíðan vegna harðra Covid-aðgerða. Þessar aðgerðir bitna á fólki og reynast mörgum afar þungar og erfiðar. Það er lítilsvirðing að tala um fyluköst í því sambandi.

Covid-höftin hafa mismunandi áhrif á fólk. Þeir sem búa við fjárhagslegt öryggi og eru þar að auki lítt félagslyndir una sér alveg ágætlega heima hjá sér. Hið sama verður ekki sagt um fólk sem sækir í félagsskap utan heimilis og vill vera í margmennt. Á sama tíma verður fólk sem er í eðli sínu kvíðafullt enn kvíðnara. Mörg ungmenni viðurkenna að ástandið hafi slæm áhrif á andlega líðan þeirra. Einhver þeirra gætu þurft langan tíma til að ná andlegu jafnvægi á ný.

Furðulega lítið er lagt upp úr því að róa fólk, frekar er verið að auka kvíða þess með alls kyns viðvörðunum, sem ídelega eru mjög mót-sagnakenndar. Kannski þykir henta að fólk sé hrætt, það er þá ekki að spyrja óþægilegra spurninga eða efast um mikilvægi aðgerða. Það blasir hins vegar við að sóttvarnaaðgerðir leysa ekki allan vanda heldur skapa ný vandamál. ■

“
Fólk á rétt á að endurheimta frelsi sitt að fullu.”

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Atkvæðasetrið

Langt er um liðið frá því Landnámssetrið í Borgarnesi sló í gegn í hugum og hjörtum ferðamanna.

Nú er í bígerð að gera Latabæjarsafn í Borgarnesi, sem efallítið mun trekkja túristana enn frekar í plássíð. Magnús Scheving sjálfur hefur putтана í því og mun það allt verða hið glæsilegasta. Og ef allt er þegar þrennt er þá er auðvitað upplagt að fara að leggja drög að Atkvæðasetrinu í bænum, safni um einhverja raunalegustu talningu í alþingiskosningum á Íslandi, en hver vill ekki fá að láta loka sig inni í fangaklefanum, sjá seðlana, handleika þá og fá að endurtelja sjálfur, svindla kannski smávægis og stinga C-seðli í D-bunkann. Myndi þetta ekki heita gagnvirk sýning?

Tími Ögmundar

Tími Ögmundar er kominn – og má ekki seinna vera. Það tók Jónasson ekki nema fjögur ár að átta sig á því að Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn eiga ekki heima í sömu stjórninni – og megi fyrir vikið heita svik við kjósendur beggja flokka. Sjaldan hefur reynslubolti í stjórnmálageiranum gefið sér jafn langan tíma í eina og sömu ályktunina, en vel ígrunduð hlýtur hún alltént að vera. ■

Lýðræðið og þjóðaröryggi



Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Það var aðfaranótt 13. júní, fyrir fimm mánuðum síðan, sem fundum Alþingis var frestað. Frá kosningum eru liðnar sjö vikur og ekkert bólar á stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Reyndar sætir það furðu hversu langan tíma sú vinna hefur tekið. Þetta eru jú sömu flokkar sem samþykktu í júní sl. stefnu fyrir öll málavæði ríkisins og fjármálaáætlun til næstu fimm ára. Og gengu samstíga til kosninga.

Á meðan vinna þingmenn allra flokka við að skoða kosningaklúðið í Norðvesturkjördæmi þar sem ásynnd lýðræðisins hefur beðið hnekki, heimsfaraldurinn nær hæstu hæðum með tilheyrandi afleiðingum og stefnt er að sölu eins af mikilvægustu innviðum landsins til erlendra fjárfesta.

Salan á Mílu ehf. er stórmál sem varðar íslenskan almenning og öryggi þjóðarinnar. Míla á stærsta hlutinn í stofnljósléidara landsins á móti NATO og Míla sér um rekstur og viðhald allra þráðanna í strengnum. Ljósléidarstrengirnir eru undirstaða flestra fjar-skiptakerfa sem notuð eru á Íslandi, þar á meðal símakerfis, farsímakerfis, Tetraneýðarfjarskiptakerfis, mikilvægra gagnatenginga fyrir helstu stöðkerfi landsins og almennrar internettengingar landsmanna.

Í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri segir að ef erlend fjárfesting ógni öryggi landsins geti ráðherra stöðvað slíka fjárfestingu, enda kynni ráðherra ákvörðun sína innan átta vikna frá því að samningur er gerður. Samningurinn var gerður 23. október síðastliðinn. Því er hægt að stöðva sölnuna fyrir 17. desember. Það væru stórkostleg mistök að ganga frá sölnunni á Mílu án þess að stjórnvöld setji skýr skilyrði og Alþingi telji tryggt að þjóðaröryggis sé gætt.

Við Íslendingar höfum verið stolt af sjálfstæði okkar, af lýðveldinu og þingræðinu. En nú er staðan sú að Alþingi fær ekki að koma saman til að fjalla um mikilvæg mál sem varðar ásynnd lýðræðisins, heimsfaraldur eða öryggi þjóðarinnar, vegna þess að fráfarandi ríkisstjórn dregur lappirnar við að koma saman stjórnarsáttmála og kosningu til Alþingis var klúðrað í NV-kjördæmi.

Eftir hverju er verið að bíða? ■

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Þessu vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Tísku-slökkvitæki?



Anna Málfríður Jónsdóttir
brunaverkfræðingur M.Sc. hjá Lotu verkfræðistofu

Nú líður að jólum og þá er sérstaklega mikilvægt að huga að eldvörnum heimilisins eins og að skipta um rafhlöðu í reykskynjaranum, kaupa eldvarnateppi ef það er ekki til staðar í eldhúsinu og athuga hvort komið sé að yfirferð og skoðun slökkvitækis.

Talandi um slökkvitæki, erum við að missa sjónar á öryggi heimilisfólks til að hampa fallettri hönnun? Það er gaman að eiga fallett heimili og margir hafa ánægju af því að eiga fallegar hönnunarförur til að prýða það. En hvað skiptir mestu máli í okkar daglega lífi, eru það veraldlegir hlutir eða fólkið okkar?

Ég veit að allir segja að auðvitað gangi fólkið okkar alltaf fyrir og enginn vill viljandi leggja sína nánustu í hættu en það er einmitt inntak þessarar greinar. Vita fagurkerar, áhrifavaldar, vöruhönnuðir, lífsstílhönnuðir eða aðrir þeir sem hanna, selja eða mæla með „hönnunarförum“ sem í tísku eru í það og það skiptið, þegar þeir eru að stofna lífi fólks í hættu?

Mér var verulega brugðið þegar ég sá sjónvarpsauglýsingar frá einu af stóru tryggingafélögum þar sem verið var að auglýsa valfrelsi í því hvernig slökkvitæki fólk gæti valið sér, það er valfrelsi í útliti slökkvitækis. Á heimasíðu tryggingafélagsins eru þessi nýju slökkvitæki einnig auglýst og þar er meðal annars þessi setning: Veljum öryggisvörur sem okkur finnst fallegar og þóssum að þær séu aðgengilegar. Látum öryggið passa. Er það rétta viðhorfið? Ég tel svo ekki vera.

Öll þekkjum við (vonandi) hið hefðbundna rauða slökkvitæki sem á að vera til inni á hverju heimili. Þegar ég var barn, man ég eftir herferð sem fól í sér að koma slökkvitæki og reykskynjurum inn á hvert heimili og held ég að það hafi tekist nokkuð vel. Flestir eru meðvitaðir um nauðsyn þessara litlu tækja sem hafa margsannað ágæti sitt við að bjarga mannlífum og eigum fólks. Seinna bættist svo eldvarnateppið við, sem er nauðsyn í hverju eldhúsi.

Skv. reglugerð um slökkvitæki 1 skulu þau að lágmarki uppfylla staðalinn ÍST EN 32 og vera CE-merkt. Nánari lýsingu, sem tekur til dæmis til útlits og merkinga slökkvitækja, má finna í leiðbeiningablaði 3, sem gefið var út af Brunamálastofnun (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun). Þar segir: „Slökkvitæki skulu vera rauð á lit (einstök lönd geta þó ákveðið að allt að 5% yfirborðs tækis sé í lit sem einkennir slökkviefnið). Upplýsingar utan á tækinu skulu settar fram í 5 hlutum (nákvæm lýsing er á hvað á að koma fram í hvaða hluta merkingarinnar)“.

Í Evrópustaðlinum sem vísað er í hér hér að ofan, segir í kafla 16 að slökkvitæki skuli vera rauð á lit, RAL 3000 samkvæmt litakóða RAL-841-GL. Þar eru einnig fyrirskrifaðar nákvæmar útlistanir á því hvernig merkingum á handslökkvitækjum skuli háttað. Það má ætla að þessi nýju slökkvitæki sem ekki eru rauð, séu aðallega eða eingöngu seld til heimilisnota, því fyrirtæki og stofnanir hafa ríkari skyldur til að gæta að öryggi almennings.

Það má vera að mörgum finnist ég vera að hnýta í smáatriði hér en þegar eldsvöði verður, þá eru það einmitt smáatriðin sem geta skilið milli lífs og dauða. Leiðin, til dæmis frá eldhúsi og út, getur fyllst af eit-

uðum reyk á aðeins nokkrum sekúndum. Rétt staðsett slökkvitæki, til dæmis við útidyr, getur slökkt minni elda og þá komið í veg fyrir stórtjón og jafnvel keypt nokkrar auka sekúndur til þess að komast út heilu og höldnu.

Það er líklegt að húsráðendur viti að slökkvitæki þeirra sé gyllt, hvítt, svart eða krómað, í stíl við annað innanhúss og þar af leiðandi skipti litur þess engu máli. En hvað um gestkomandi? Það er veisla í gangi



Flestir eru meðvitaðir um nauðsyn þessara litlu tækja sem hafa margsannað ágæti sitt við að bjarga mannlífum og eigum fólks.

og upp kemur eldur í jólaskeytingu, næsti maður ætlar að grípa rauða sívalninginn sem hann þekkir, en það tekur hann einhverjar sekúndur eða mínútur að fá upplýsingar frá húsráðanda um hvar slökkvitækið er staðsett og að þetta fina tæki sé í alvörunni fullgilt og nothæft slökkvitæki. Það er hægt að taka fleiri dæmi en mér dettur einnig í hug barnapössun, hvort heldur sem um er að ræða ungling utan úr bæ eða ömmur og afa, er ekki líklegt að

það fólk grípi í slökkvitækið sem það þekkir, en gangi jafnvel fram hjá fina tækinu sem fellur svo agalega vel inn í umhverfið að það sést næstum ekki?

Rauði liturinn á slökkvitækjum, brunaslöngum og á merkingum sem vísa á þessi tæki er til þess ætlaður að grípa augað, að falla ekki inn í umhverfið. Þegar sekúndur skipta máli, ætti innanhússhönnun ekki að vera í öðru sæti? Það er nefnilega góð ástæða fyrir því að slökkvitæki eru rauð. ■



Barnaheill

**SÍMALAUS
SUNNUDAGUR
14. NÓVEMBER**



SKANNAÐU QR KÓÐANN
OG TAKTU PRÓFIÐ



Hannes Halldórsson er farinn frá Hlíðarenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Erfiður skilnaður Hannesar og Vals

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Valur staðfesti í gær að félagið hefði komist að samkomulagi við Hannes Þór Halldórsson um starfslok landsliðsmarkmannsins fyrrverandi, sem átti eitt ár eftir af samningi sínum. Yfirlýsing Vals á Twitter vakti athygli þar sem það var fullyrt að Hannes hefði verið rekinn, en henni var eytt fljótlega og Valur baðst afsökunar stuttu síðar.

Hannes og Valur hafa átt í viðræðum síðustu daga um starfslok hans, eftir að félagið samdi á dögunum við markmanninn Guy Smit sem hefur leikið með Leikni undanfarin ár. Hannes hefur verið einn besti markmaður efstu deildar undanfarin ár og er einn besti markmaður Íslands frá upphafi, eftir að hafa verið í lykilhlutverki í landsliðinu undanfarin áratug.

Hannes virðist sjálfur vera óviss um framhaldið, hvort ferlinum sé einfaldlega lokið, en hann sagðist í samtali við vefmiðilinn 433.is vera að skoða málin.

„Það á eftir að koma í ljós hvað ég geri, ég þarf að skoða hvaða kostir verða í stöðunni. Ég þarf að melta stöðuna og tek næstu vikurnar í það. Ég ætla að sjá hvernig landið liggur og hvernig hausinn á mér er varðandi það að halda áfram.“ ■

Naumt tap gegn Rúmeníu ytra

kristinnpall@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Öflug spilamennska íslenska kvennalandsliðsins á báðum endum vallarins dugði ekki til í sex stiga tapi gegn Rúmeníu í gær. Ísland leiddi fyrir lokaleikhlutann en missti leikinn úr höndunum á lokamínútu leiksins.

Þetta var fyrsti leikur Íslands í undankeppni EuroBasket 2023 og í fjarveru lykilmanna þurftu aðrir að stíga upp. Sara Rún Hinriksdóttir bar af í liði Íslands í gær með tvöfalda tvennu, sautján stig og ellefu fráköst. ■



Þeir Max Verstappen og Lewis Hamilton berjast um titilinn í Formúlunni. Sannkallað Formúluæði er að gripa um sig hér á landi eftir að þættir um íþróttina voru gerðir á Netflix. Kristján Einar, umsjónarmaður Formúlu 1 á Viaplay, býst við að keppnin í Brasilíu verði sú mikilvægasta til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lewis Hamilton þarf að bíta frá sér

Baráttan um heimsmeistaratitil ökumanna í Formúlu 1 er í algleymingi. Fjórar keppnir eru eftir af tímabilinu og aðeins níttján stig skilja að Max Verstappen, ökumann Red Bull Racing, og sjöfaldan heimsmeistara, Sir Lewis Hamilton, ökumann Mercedes.

aron@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Max Verstappen, ökuþór Red Bull Racing, er með forystuna í keppninni um heimsmeistaratitil ökumanna í Formúlu 1 þegar fjórar keppnir eru eftir af tímabilinu. Með sigri um helgina gæti hann unnið sér inn gott andrými frá pressunni, sem fylgir því að leiða stigakeppni ökumanna.

„Verstappen er með tak á þessu akkúrat núna og Hamilton verður að ná að gera eitthvað í stöðunni í Brasilíu. Ef Verstappen vinnur í Brasilíu er hann með að minnsta kosti 26 stiga forystu á Hamilton. Það þýðir að Verstappen hefur efni á því að detta út í einni keppni án



Brautin í Brasilíu býður upp á mikla baráttu milli bila þannig að við gætum fengið algjört einvigi þeirra á milli.



Verstappen varð á sínum tíma yngsti ökuþór Formúlunnar frá upphafi þegar hann keppti sautján ára gamall í Ástralíu.

þess að eiga hættu á að missa efsta sætið í stigakeppni ökumanna,“ segir Kristján Einar Kristjánsson, umsjónarmaður Formúlunnar á Viaplay, í samtali við Fréttablaðið.

„Það sem Hamilton vantar núna er sigur í Brasilíu og síðan þarf hann að byggja ofan á það. Ég tel að Brasilía gæti orðið mikilvægasta keppni tímabilsins,“ segir Kristján Einar. Hann telur Mercedes eiga séns á sigri um helgina. „Þeir hjá Mercedes eru búnir að vera að finna hraða sem gefur þeim góða von um að geta barist við Red Bull.“

Spennandi sprettkeppni

Mat margra Formúlu 1 áhugamanna er að ekki sé á spennuna bætandi um þessar mundir, en forráðamenn Formúlu 1 eru ósamála. Um helgina mun, líkt og á tveimur öðrum keppnishelgum fyrir tímabilinu, fara fram sprettkeppni. „Í hinum tveimur keppnum tímabilsins þar sem hefur verið sprettkeppni hafa Hamilton og Verstappen lent saman. Brautin í Brasilíu býður upp á mikla baráttu milli bila þannig að við gætum

fengið algjört einvigi þeirra á milli.“

Brautin sem keppt verður á um helgina er einnig sú braut sem Max Verstappen og Lewis Hamilton ættu að þekkja best, en fjórar keppnir eru eftir. Brasilía núna og tvær keppnir í Katar og Sádi-Arabíu sem eru mikið spurningamerki að mati Kristjáns. „Það hefur aldrei verið keppt á þeim brautum áður í Formúlu 1. Síðan er lokakeppnin í Abú Dabí og þar hafa verið gerðar breytingar á brautinni.“ Það er ljóst að spennustigið verður hátt um helgina en um er að ræða íþróttaviðburð sem fáir sem elska góða spennu í íþróttum ættu að missa af.

„Þetta er sögufræg braut þarna í Brasilíu. Það hafa verið svo margar goðsagnakenndar keppnir þarna. Þetta verður risastór keppni og hún gæti verið sú mikilvægasta á tímabilinu fyrir Lewis Hamilton en einnig fyrir Max Verstappen. Þarna getur hann komið sér í rosalega góða stöðu á toppnum,“ segir Kristján Einar Kristjánsson, umsjónarmaður Formúlu 1 á Viaplay og hlaðvarpsþáttarins Pitturrinn sem er á öllum helstu hlaðvarpsveitum. ■

Vanda þéningar vel yfir milljón á mánuði hjá KSÍ

sport@frettabladid.is

FÓTBOLTI Stjórn KSÍ hefur gengið frá samningi við Vöndu Sigurgeirsdóttur, formann sambandsins, um kaup og kjör. Þetta fékk Fréttablaðið staðfest í skriflegu svari. Vanda tók við starfinu til bráðabirgða í síðasta mánuði. Er hún með umboð fram í febrúar þegar ársþing sambandsins fer fram. Vanda ætlar að sækjast eftir endurkjöri og verður formaður sambandsins þá kosinn til tveggja ára.

„Laun formanns eru birt með uppgjöri ársreiknings á ársþingi KSÍ. Laun Vöndu eru þau sömu og forvera hennar í starfi,“ segir Ómar Smára-

son, starfsmaður KSÍ, í skriflegu svari til Fréttablaðsins.

Guðni Bergsson, forveri Vöndu, var með 1.283.000 krónur á mánuði og auk þess naut hann bifreiðahlunninda að hámarki 150.000 krónur á mánuði. Vanda fær sama pakka og hefur skrifað undir samning þess efnis.

Guðni sagði upp störfum í lok ágúst þegar sambandið var sakað um að hylma yfir meint kynferðisbrot landsliðsmanna. Málið varð til þess að Guðni og stjórnin sagði starfi sínu lausu, en Vanda er fyrsta konan sem stýrir þessu stóra sambandi.

Vanda hefur mikla reynslu úr fót-

boltanum bæði sem leikmaður og síðar sem þjálfari. Á komandi ársþingi í febrúar má búast við því að hörð kosningabarátta eigi sér stað. Fleiri munu sækjast eftir starfinu, sem er valdamikil staða í stærsta sérsambandinu í íslensku íþróttahreyfingunni. ■


Vanda Sigurgeirsdóttir fær sama samning og Guðni Bergsson fráfarandi formaður KSÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Bækur bæta tilveruna

Frábært úrval nýrra titla í öllum verslunum okkar.




Sprakkar
5.799 kr. verð áður 7.299 kr.



Heima hjá læknum í eldhúsinu
6.399 kr. verð áður 7.999 kr




Jól á eyjahótelinu
3.299 kr. verð áður 3.999 kr.



Kolbeinsey
5.499 kr. verð áður 7.299 kr.



Kristín Þorkels
8.999 kr. verð áður 10.999 kr.



Hitin á vaxmyndasafninu
4.499 kr. verð áður 5.499



Koma jóla?
3.599 kr. verð áður 4.499 kr.



Læknirinn í Engla verksmíðjunni
5.499 kr. verð áður 7.299 k



Tilfinningar eru fyrir aumingja
5.799 kr. verð áður 7.299 kr.

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 15. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingu.

Merkisatburðir

- 1793** Jean Sylvain Bailly, fyrsti borgarstjóri Parísar, er hálshöggvinn. Hann varð borgarstjóri eftir byltinguna 1789 en féll síðar í ónáð.
- 1840** Franski myndhöggvarinn Auguste Rodin er í heiminn borinn.
- 1927** Leon Trotsky er rekinn úr sovéska Kommúnistaflokknum.
- 1929** Bandaríska leikkonan **Grace Kelly** fæðist.
- 1956** Marokkó, Súdan og Túnís ganga í Sameinuðu þjóðirnar.
- 1967** Síðustu tíu íbúarnir flytja úr Flatey á Skjálfanda og hefur eyjan verið í eyði síðan. Flestir urðu íbúar Flateyjar árið 1952 þegar þeir voru 129 talsins.
- 1974** Ríthöfundurinn Þórbergur Þórðarson deyr á Landspítalanum í Reykjavík 86 ára að aldri.
- 1982** Júri Andropov verður aðalritari sovéska Kommúnistaflokksins og leiðtogi landsins. Hann tekur við af Leoníd Brezhnev sem lést tveimur dögum fyrr.
- 1996** Boeing 747 vél sáði-arabíska ríkisflugfélagsins og Ilyushin Il76 vél frá Kasakstan lenda í árekstri í háloftunum nálægt Nýju-Delí á Indlandi. Allir 349 um borð í flugvélunum tveimur láta lífið.
- 1999** Jarðskjálfti að styrkleika 7,2 ríður yfir norðvesturhluta Tyrklands. Mest tjón verður í Düzce-héraði en minnst 845 manns láta lífið og um fimm þúsund slasast.



Simone og Eve munu leika sitt í hvoru lagi og sem dúett.

MYNDIR/ADSENDAR

Djass á heimskalíberi í Salnum

Djasslistamenn á heimsmaeli-kvarða leika saman og sitt í hvoru lagi í Salnum í Kópavogi á laugardag.

arnartomas@frettabladid.is

Tónleikaröðin Jazz í Salnum hefur verið að festa rætur í menningarlífi Kópavogs undanfarin ár og á laugardaginn verður þar boðið upp á tónleika á heimsklassa. Þá munu ítalski pianistinn Simone Graziano og belgiski pianistinn Eve Beuvs hittast á því sem er lýst sem eins konar blindu stefnumóti og sýna hvað í þeim býr. Sunna Gunnlaugs hefur haft umsjón með dagskránni frá upphafi og er spennt fyrir herlegheitum helgarinnar.

„Þau eru bæði af yngri kynslóð og hafa sótt efnivið sinn í dægurtónlist,“ segir hún. „Simone hefur verið að leika sér með efni frá Billie Eilish og Eve með Dolly Parton. Þau semja líka sjálf, svo ég er ekki alveg viss um hvaða dagskrá þau hafa sett saman fyrir okkur.“

Flytjendurnir munu svo hvort um sig flytja sóló-sett áður en þau taka dúett eftir hlé.

„Það sem mörgum finnst svo spennandi við djassinn er hvað það er margt óvænt í honum,“ segir Sunna. „Það er ekki alltaf fyrir fram ákveðið í hvaða átt hlutirnir fara. Svo er líka spennandi að það verði tvö píanó en það er ekki alltaf sem gefst tækifæri fyrir píanista að spila með öðrum píanista. Flyglarnir í salnum eru líka alveg frábærir.“

Væntanlegur virtúós

Þetta er þriðja starfsár tónleikaraðarinnar en Sunna byrjaði með Jazz í Salnum árið 2019 en þurfti að setja hlutina á ís í faraldrinum.

„Það var leiðinlegt því þá fannst mér einmitt eins og við værum að komast í gang fyrir alvöru og vorum búin að koma okkur á kortið,“ segir hún. „Fólk sem kom á tónleika hjá okkur var svo afskaplega ánægt með þetta og að sjá flytjendur á þessu heimsklassa kalíberi.“



Sunna hefur stýrt Jazz í Salnum frá upphafi.

MYNDIR/ADSEND

”

Það er ekki alltaf fyrir fram ákveðið í hvaða átt hlutirnir fara.

landsins. Hann er að sögn Sunnu einn eftirsóttasti pianisti New York á undanförunum árum og í New York Times var hann sagður mögulega besti djasspianisti samtímans.

„Craig er mikill virtúós og alveg sérstakt hvað hann passar inn í hvaða umgjörð sem er,“ segir Sunna. „Hann hentar, sama hvernig tónlist á að spila án þess þó að missa sinn persónulega karakter.“

Tónleikarnir á laugardaginn hefjast klukkan 20 og hvetur Sunna fólk til að kynna sér hvað Salurinn hefur upp á að bjóða.

„Það er mikil upplifun að vera þarna því hljómburðurinn er svo góður,“ segir hún. „Þetta er órafmagnað og alveg frábær akústík.“ ■

Nú erum við að fara aftur í gang og vonandi kemur engin bremsa á okkur.“

Tónleikarnir um helgina eru þeir einu fyrir áramót en í janúar kemur bandaríski pianistinn Craig Taborn til



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Karl Bjarnason
múrari,
Klettabergi 34, Hafnarfirði,
lést 3. nóvember.

Jarðsett verður í kyrri frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 17. nóvember kl. 13.00. Streymt verður frá athöfninni, <https://youtu.be/OTFOB0wi338>

Hildur Þorsteinsdóttir

Auður Baldursdóttir	Erling Pétur Erlingsson
Þorsteinn Sveinn Karlsson	Úlfhildur Jónasdóttir
Svanhildur Karlsdóttir	Anton Magnússon
Lilja Guðríður Karlsdóttir	Jónas Þór Oddsson

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Þorbjörg Rósa Guðmundsdóttir
frá Harðbak á Melrakkaslétu,
lést 25. október.

Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 18. nóvember kl. 13.00. Streymt verður frá athöfninni: https://laef.is/thorbjorg-rosa-gudmundsdottir/einnig_a_Mbl.is/andlat

Þórey Björnsdóttir

Guðmundur Á. Björnsson	Jóhannes Jens Kjartansson
Sæunn Gísladóttir	Jón Hrafnkelsson
barnabörn og barnabarnabörn.	Sæunn Gísladóttir

+

Hjartkær eiginkona mín,
Þóra Davíðsdóttir
Suðurlandsbraut 60,
sem lést 27. október, verður jarðsungen frá Kópavogskirkju mánudaginn 15. nóvember kl. 15.
Minnt skal á þakkarskuld við hjúkrunarheimilið Mörk.
Ólafur Pálmason

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 12. nóvember 2021



Celebs og Ceasetone spila á morgun á KEX Hosteli. MYND/ÁSA DÝRADÓTTIR

Fjörugir tónleikar á KEXI Hosteli

starri@frettabladid.is

Hljómsveitirnar Celebs og Ceasetone halda tónleika á KEX Hosteli á morgun, laugardaginn 13. nóvember, og hefjast þeir klukkan 20. Aðgangur er ókeypis.

Celebs er samsúðuverkefni þriggja systkina að vestan, sem öll hafa verið áberandi í íslensku tónlistarsenunni með ólíkum sveitum á borð við Between Mountains, Mammút, Rythmatik og fleirum, en öll þrjú eiga það sameiginlegt að hafa unnið Músiktilraunir. Frumraun sveitarinnar kom út á síðasta ári og ber heitið Tálvon hinna efnilegu. Platan fékk tilnefningu til Kraumsverðlauna, Hlustenda-verðlauna og tvær tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Celebs spilar kraftmikið synthapopp en þetta er í fyrsta sinn sem sveitin kemur fram á tónleikum. Auk þeirra koma fram Ása Dýradóttir á bassa og Árni Freyr Jónsson á gítar.

Hrærigrautur hugmynda

Ceasetone er einhvers konar hrærigrautur af hugmyndum með rætur í indírokki en dýfir tánum í folk, nýklassík, elektróník og fleiri stefnur og bindur það saman í tónlistarlegan hljóðheim sem er sérkennandi fyrir hljómsveitina. Meðlimir Ceasetone eru Hafsteinn Þráinsson, Sólrún Mjöll Kjartansdóttir og Jökull Brynjarsson.

KEX Hostel stendur við Skúlagötu 28 í Reykjavík.

Hægt er að kynna sér báðar sveitir á Spotify. ■



Skammdegið þarf ekki að vera erfitt

- Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimum vetrarmorgnum
- 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót



Á unglingsárunum fór Glúmur í uppreisn til að afsanna að hann væri drengur góður. Seinna vildi hann nálgast það góða í sér aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lætur engan vaða yfir sig

Glúmur Baldvinsson þurfti að slást vegna nafns síns í æsku og segir algengan misskilning að hann sé hrokafullur forréttindadrengur sem ætli á þing í kjölfaldi föður síns. **2**



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Innst inni er ég fremur saklaus, hjartahlyr og góður maður. Svo mikið, að vinkonur foreldra minna í denn vildu alltaf klappa mér um kinn og tylla mér á hné sér í barnæsku og fram á unglingsár. Svo laðast börn og dýr að mér. Þetta fór að endingu svo í taugararnar á mér að á efri unglingsárum fór ég í uppreisn og byrjaði að drekka, haga mér ósæmilega opinberlega og stunda kvennafar meira en góðu hófi gegndi. Bara til að afsanna að ég væri drengur góður. Kannski hefur þessi uppreisn gengið of langt því að lokum gat ég ekki umflúið eðli mitt. Ég hef stóra samvisku og vil aftur nálgast hið góða í sjálfum mér.“

Þetta segir Glúmur Baldvinsson, en hvaðan kemur nafnið hans og hví var honum valið það?

„Spurðu föður minn að því. Hann réði öllum nöfnum okkar systkina, nema því fyrsta, Aldís, því hann var fjarrí í Edinborg þegar hún kom í heiminn. Þegar ég fæðist er pabbi á kafi í Íslendingasögnum og heimtar nafnið Glúmur eða Illugi. Glúmur varð það að endingu; í höfuðið á einum karakter Íslendingasagnanna, Viga-Glúmi, sem var seinþroska og latur en reis loks úr rekkju og hjó mann og annan, en átti því óláni að fagna að deyja ellidauða. Glúmur kemur líka fyrir sem eiginmaður Hallgerðar langbrókar í Njáls sögu. Mikill kappi. En eins og nafnið bendir til þýðir það hinn dimmi, dökki og þunglyndi. Samanber enska orðið glum,“ útskýrir Glúmur og heldur áfram:

„Nafnið var svo óvenjulegt þegar ég var að alast upp að ég lenti oft í slagmálum vegna þess. Sem ég vann yfirleitt. Ég hef sagt það í gamni að pabbi hafi gefið mér nafnið til að herða mig, því ef þú getur ekki lifað með svona nafni gætirðu koðnað niður. Eins og í lagi Johnny Cash. A boy named Sue. En ég lifði það af og er afar hrifinn af nafninu í dag.“

Missir systra mesta sorgin
Fjölskylda Glúms hefur orðið fyrir þungum raunum á lífsleiðinni. „Æska mín var lituð hamingju og samstöðu innan fjölskyldunnar. Ekki bara æskan heldur allt lífið fram að fertugsaldri. Þá lék allt í lyndi,“ segir Glúmur og litur til baka.

„Mín mesta sorg er missir systra minna. Snæfríðar sem lést óvænt í blóma lífsins. Og svo missir Aldísar sem hvarf inn í sorta veikinda sem hún afneitar og getur því ekki komið til baka og orðið sú skemmtilega systir sem var sólargeisli æsku minnar. Þær eru báðar horfnar mér. Árásir á föður minn og móður hafa náttúrulega valdið mér kvíða og þunglyndi, en ég hef



Glúmur segist hafa mátt undirbúa sig betur fyrir framboð sitt í haust. Hann eigi miklu meira inni.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

reynt að bera höfuðið hátt,“ segir Glúmur, en hvernig?

„Ég þekki foreldra mína og veit sem varðhundur heimilisins frá byrjun að faðir minn er hafður fyrir rangri sök. Aldrei varð ég var við allan þann viðbjóð sem hann var sakaður um og trúðu mér: Hefði ég orðið var við slíkt sneri ég við honum baki. Ég var vakandi yfir öllu á mínu heimili, og kannski of mikið. Ég trúir því að systir mín og móðursystir stangi í þessari aðför að föður mínum, ekki til að ná sér niður á honum, heldur móður minni. Þar spilar öfund stórt hlutverk. Sagan er djúp og löng og teygir sig langt aftur í tímann, en ég kæri mig ekki um að rekja hana hér.“

Í vikunni var Jón Baldvin sýknaður af ákæru fyrir kynferðislega áreitni.

„Nú er eina dómamálinu sem höfðað hefur verið gegn föður mínum lokið og hann sýknaður. Fyrir utan allar lögreglukærurnar sem hefur líka verið vísað frá. Ég á mér þá ósk heitasta að foreldrar mínir megi njóta ævikvöldsins í friði og gleði, eins og þau eiga skilið, enda hafa þau svo sannarlega gert sitt í þessu lífi. Þau hafa staðið sína plikt og unnið fyrir því að eiga fagurt ævikvöld. Ég vil sjá þau blómstara næstu áratugina og þá er ég gladdur.“

Glúmur er nánastur föður sínum, sem hann segir sinn besta vin og að engan sé betra að tala við.

„Faðir minn hvatti mig til að vinna og nýta hæfileika mína. Hann hvatti mig til að skrifa og hugsa og hann hefur alltaf verið minn besti vinur, því hvernig sem ástatt er í lífi mínu þá leita ég til hans til að fá ráð og huggun og kraft til að halda áfram. Pabbi er hlýr maður og enginn skemmtilegri viðræðu. Hann gerir kröfur til mín um að standa í lappirnar og sýna karlmennsku. Kannski hef ég stundum tekið það of langt. Skemmtilegri faðir finnst ekki. Hann er í raun átrúnaðargoðið mitt,“ segir Glúmur, um dýrmatæsta veganestið frá foreldrum sínum.

„Mamma gaf mér ævintýraþrá og ástriðu fyrir að skoða heiminn, enda ferðaðist hún með okkur öll sumur um útlönd. Ég fékk þá ferðabakteríuna og hef þegar heimsótt sjöttu lönd í þessum heimi. Næst á dagskrá er Suður-Ameríka. Mamma reyndi líka að temja mér kurteis, sér í lagi við þá sem minna mega sín. Hún reyndi af öllum mætti að lækka í mér hrokann sem fór vaxandi með velgengni fjölskyldu minnar upp úr tvítugu. Mamma er samviska mín.“

Vill ganga til liðs við annan flokk
Mörgum þótti spennandi þegar Glúmur bauð sig fram til Alþingis

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

fyrir Frjálslynda íhaldsflokkinn í haust. Eftirminnileg ummæli hans í kosningabaráttunni voru að ætla að rífa kjaft, kæmist hann á þing.

„Ég er nú fremur kurteis dagsdaglega og vil engum mein og allra síst særa föng. Þegar það gerist get ég ekki beðið eftir að biðjast afsökunar, sem ég geri oftast nær. En þú verður að skilja að það að vera sonur þessa fólks eða þessarar fjölskyldu, þá þarf maður að læra að verja sig og hef þróað þá list í gegnum árin. Að svara fyrir mig og ég læt engan vaða yfir mig. Engan. Oft er leikurinn til þess gerður að kenna fólki að reyna ekki að fara aftur í mig. Því þá tapar það,“ segir Glúmur, alvarlegur í bragði.

Hann gengst við því að vera skapmikill.

„Það fæ ég úr báðum ættum. Ellert, móðurbróðir minn, er skap-hundur, og amma hafði líka mikið skap. Ég fæ þetta úr Schram-ættinni, en þú vilt ekki heldur æsa upp föður minn sem er alla jafna yfirvegaður, en í þau fáu skipti sem hann hefur reiðst um ævina hefur verið best að forða sér. En þótt ég sé skapmikill er ég þannig náttúraður að ég kem niður á örskotsstundu og allt er gleymt. Ég hata engan og ber ekki kala til neins og ef mér finnst ég hafa gengið of langt er ég fyrstur manna til að biðjast afsökunar. Ég hef þetta dæmigerða latneska skap. Fljóttur upp og fljóttur niður.“

Í kosningabaráttunni stal Glúmur svoltið senunni, en hvers vegna, telur hann?

„Ég hef ekki grænan grun. Kannski af því ég reif kjaft, eins og ég lýsti að ofan. Kannski stuðaði ég hinn almenna borgara. Allavega skilaði það ekki mörgum atkvæðum. Ástæðan er kannski sú að ég var í röngum flokki. Ég hef íhugað að ganga til liðs við annan stjórnmálaflokk og auglýsi það hér með.“ Glúmur var gagnrýndur fyrir að hafa mætt drukkinn í kosningakappræður í sjónvarpi.

„Það var tólm þvæla. Gísli Martein hrakti þá sögusögn og sminkurnar á RÚV. Það hefði ekki farið framhjá neinum ef ég hefði verið drukkinn. Ég gekk þarna um gólf af tveimur ástæðum; ég er hávaxinn og fæ í mjóhrygginn við að standa tímunun saman við dvergvaðið púlt. Í annan stað leiddist mér á köflum að komast lítið að í tvo og hálfan tíma. Ég er hins vegar ekki bindindismaður og hef á stundum glímt við áfengisvanda í kjölfar ákveðinna áfalla í lífinu. Það er djöfulleg barátta,“ segir Glúmur af hreinskilni.

Hann kveðst eflaust misskilinn, en lætur þó ekki deigan síga.

„Algengasti misskilningurinn er að ég sé hrokafullur forréttindadrengur sem ætli á þing í kjölfaldi

föður míns. Án þess að eiga það skilið. Ég er auðvitað óreindur með öllu og sýndi ekki mitt besta. Ég hefði mátt brosa meira í anda mömmu og koma mínum sjónarmiðum á framfæri með skýrari hætti. Ég hefði mátt undirbúa mig miklu betur. Ég á miklu meira inni.“

Íhugar framboð til borgarstjóra

Áhugi Glúms á að hasla sér völl í pólitík jókst eftir framboðið í haust, en hvers vegna vill hann ná metorðum á ædstu stöðum?

„Af því ég tel mig öllum kostum búinn til að verða frábær pólitíkus. Það hvatti mig líka áfram að sjá hvernig samfélagið ræðst að fjölskyldu minni. Svo það var hefndarhugur í mér. Ég tel mig geta gert betur en nánast allir sem nú sitja á þingi. Ég hef menntunina, reynsluna, orðfærið og pennann, og það er ekki öllum gefið,“ segir hann sposkur.

Eftir alþingiskosningarnar sagðist Glúmur næst bjóða sig fram til borgarstjóra og forseta.

„Ég sagði það nú meira í grini en alvöru, en öllu grini fylgir einhver alvara. Ég væri til í að taka þátt í borgarstjórnarkosningum í vor, en það er bara spurning um flokk. Enn og aftur auglýsi ég krafta mína því ég vil Dag burt og allt sem núverandi borgarstjórn stendur fyrir. Hvað forsetaembættið varðar var það helbert grin. Ég yrði frábær forseti, en ekki strax. Fyrst þarf ég að sanna mig annars staðar. Forsetinn í dag er að mínu mati of daufur og ekki nægilega hrifandi. Hann er engu að síður góður maður og vill vel. Komi að því að ég sækist eftir forsetaembætti mætti búast við forseta í anda Ólafs Ragnars. Ég myndi hvorki láta þingið né ríkisstjórnina í friði þegar upp kæmu stór mál sem þingið ræður ekkert við. En það verður að biða, enda á ég engan séns í það embætti að svo stöddu.“

Hégómagjarn kvennaljómi

Glúmur hefur lengi verið annálaður kvennaljómi.

„Í sanni sagt fékk ég kannski meiri athygli kvenna en gengur og gerist fyrir þá staðreynd af hvaða fjölskyldu ég var. En svo þegar ég fluttist utan komst ég að því að þar var sama sagan, þar sem enginn vissi hver ég var. Auðvitað naut ég þess út í ystu æsar; ég er hégómagjarn maður með afbrigðum, en það kom mér oft í bobba,“ segir hann og brosir.

„Lífið er dásemd og gjöf sem má ekki kasta á glæ. Að eldast finnst mér gott, sér í lagi þegar einstaka kona gefur mér enn auga, þótt ekkert þurfi að verða meira úr því. En svo lengi sem heilsan bregst mér ekki hlakka ég til að fá grá hár, sem virðist seint ætla að ganga eftir.“

Listakonan Lína Rut Wilberg fangaði hjarta Glúms fyrr á árinu. Hún er ekki síður þekkt fyrir glæsileik og ein fegursta kona Íslands.

„Ég var bálskotinn í Línu Rut þegar ég var fimmtán og hún vann í ísbúðinni í Úlfarsfelli vestur í bæ. Mér fannst hún of falleg til að þora að yrða á hana einu orði. Hún var yfir mig hafin. Við strákarnir fórum ekki þangað til að kaupa ís heldur bara til að sjá Línu. Við kynntumst svo 45 árum síðar á göngu í Keflavík. Þá hleypti ég í mig kjarki til að yrða á hana. Það endaði vel. Hún er allt önnur týpa en ég og bætir við líf mitt reglu, festu og ró. Hún er praktísk á meðan ég er ópraktískur. Hún er jarðbundin á meðan ég svíf um í draumum. Kannski er hún sú eina rétta?“ segir Glúmur, spurður um ástarlífið. ■

Lengri útgáfa á frettabladid.is

77 Það að vera sonur þessa fólks, þá þarf maður að læra að verja sig og ég hef þróað þá list í gegnum árin. Að svara fyrir mig og ég læt engan vaða yfir mig. Engan.

Leyndarmál hvannarrótar

• Loft í maga?
Glímir þú við meltingartruflanir?

• Næturbrið
Eru tíð þvaglát að trufla þig?

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

100% náttúruleg hvannarrót

60 HYLKI | FÆÐUBERG | VEENI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

A woman with blonde hair is sitting on a stone wall. She is wearing a beige turtleneck sweater and a light-colored, possibly white or cream, coat. She is looking directly at the camera with a neutral expression. The background is a stone wall with shadows cast across it.

OPNUM Í DAG - 12.11.21 KL.13:00

NÝJA OG GLÆSILEGA 500M² VERSLUN Í ÁRMÚLA 5
FALLEG FÁGUÐ OG TÖFF OPNUNARTILBOÐ

Tískan
comma,

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnboгалitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndslímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktafi. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir herb. í RVK. Reglusemi og skilvísun greiðslum heitið. Uppl. í s. 611 3868

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Skipulagsstofnun

Umhverfismat

Matsáætlun í kynningu

Framleiðsluaukning Landeldis ehf. Sveitarfélaginu Ölfusi

Landeldi ehf. hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats á framleiðsluaukningu í eldisstöð Landeldis ehf. í Ölfusi.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 13. desember til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir:

- Breyting á eldissvæðum og hvíldartíma Arctic Sea Farm og Arnalax í Patreks- og Tálknafirði
- Aukin jarðgerð úrgangs frá steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000.

Ákvarðanir eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 13. desember 2021.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir:

- Ljósleiðarasæstrengur frá Íslandi til Írlands, Sveitarfélagið Ölfus
- Breyting á hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn, Sveitarfélagið Ölfus

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111 /2021.

Ákvarðanir eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 13. desember 2021.



LÍNA OKKAR TÍMA

VERND STÚLKNA GEGN OFBELDI

KAUPTU ARMBANDIÐ

www.barnaheill.is



Skipulagslýsing fyrir Hellnahraun

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010, er auglýst til kynningar skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Breytingarnar eru: Hellnahraun, aðalskipulagsbreyting vegna landnotkunar og skilgreiningar á afmörkun svæðis. Breytingin felur í sér að þynningarsvæði er fellt niður og landnotkunarflokkurinn 13 verður hluti af AT3 og landnotkunarflokkurinn 14 verður hluti af AT4.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti skipulagslýsingu á fundi sínum 28. október 2021.

Skipulagslýsingin verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 12. nóvember - 3. desember 2021. Einnig er hægt að skoða gögnin á hfj.is/skipulag. Ábendingum og athugasemdum skal skila á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is, skriflega í þjónustuver að Strandgötu 6 eða á meðfylgjandi heimilisfang eigi síðar en 3. desember nk:

Hafnarfjörður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER



5 ÁRA
ÁBYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförmum árum.



Auðbrekku 6 • Kópavogi • Sími 565 8899 • normx@normx.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



INHOPE

insafe

S A F T



TILKYNNNA ÖVDEIGANDI Eða ÖLÖGLEGGT EFNI Á NETINU

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

BRÁÐSKEMMTILEG
TEIKNIMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI

TVEIR VINIR OG GREIFINGI


STÓRA DÝRIÐ

KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ SMÁRA  BÍÓ HÁSKÓLA  BÍÓ BORGAR  BÍÓ



Veðurspá Föstudagur



Austlæg átt 5-13 m/s, en 10-15 með s-ströndinni. Stöku skúrir eða él um landið s-vert og einnig smáel á Austfjörðum, annars víða bjart. Hiti 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum, en dregur úr frosti. ■



SAGA OG SAMFÉLAG

MÍÐVIKUDAGA KL. 19.30
OG AFTUR KL. 21.30



HRINGBRAUT

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 torveldust
- 5 ofsi
- 6 borða
- 8 fugl
- 10 tveir eins
- 11 tæki
- 12 virki
- 13 álit
- 15 geymir
- 17 févana

LÓÐRÉTT

- 1 flækjast
- 2 göfugur
- 3 burstapak
- 4 söngrodd
- 7 ólíkindalæti
- 9 dugur
- 12 forboð
- 14 umstang
- 16 tveir eins

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 verst, 5 eði, 6 et, 8 fasaní, 10 í, 11 töl, 12 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð.
LÓÐRÉTT: 1 væflast, 2 eðal, 3 ris, 4 tenör, 7 tilgerð, 9 atorka, 12 þann, 14 vas, 16 uu.

Tveir af efnilegustu skákmönnum heims öttu kappi nýverið á Grand Swiss mótinu í Riga. Rússinn Andrey Esipenko (2720) fann fallett línurof gegn Úzbekanum Nodirbek Abdusattorov (2646)

Hinn stílhreini

27. Be5! Þvingaði uppgjöf þar sem hvítur rifur vald svarts á hróknum á b2 og vinnur lið.

www.skak.is: EM Landsliða komið af stað! ■

Sudoku


	4		9			7
5		8	1	7		9
6				8		
7	8		5			3
3			4		2	
2						
			3	6	9	8
			9	5		
	5	3	8	1	2	6

						1
			7	9		8
		5	3		6	
				5		3
	8			9	7	
		1	2	3		5
	3			2		8
9					4	
1	2	8				6

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Eina leiðin var að skilja allt eftir



Móeíður Júníusdóttir var áberandi í íslensku tónlistar- og samkvæmislífi í lok síðustu aldar. Söngkonan Móa, eins og hún er oftast kölluð, tengdi sjálfmynd sína meira og minna röðinni, sem kom svo auðveldlega. Þangað til hún tók ákvörðun um að syngja ekki meira. Í tvo áratugi söng hún varla í bílnum. Þar til allt í einu tónlistin fann hana á ný og hún varð aftur heil.

Velgengnin enn óraunveruleg

Einhverjir gætu mögulega ímyndað sér að flugfreyja á Skipaskaga verði fritíma sínum í annað en að skrifa blóðugar morðsögur, en þannig hófst þó rithöfundarferill **Evu Bjargar Ægisdóttur** sem nýverið gaf út sína fjórðu glæpasögu. Þú sérð mig ekki, á jafn mörgum árum.



Þetta snýst um samveruna

Berglind Hreiðarsdóttir hefur getið sér gott orð fyrir matarblogg sitt og matreiðslubækur, en nú leitar hún á nýjar slóðir með samstarfsverkefni með tólf ára dóttur sinni, Elínu Heiðu Hermannsdóttur, og afraksturinn er bókin Börnin baka.


Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÚR HELJARGREIPUM

„Alinn upp við ofbeldi og óreglu fetar Baldur sama veg þegar hann eldist en snýr við blaðinu eftir hreint ótrúlegt lífshlaup, ákveðinn í að nota reynslu sína til að hjálpa öðrum.

Mögnuð bók sem gefur sjaldgæfa innsýn í heim sem við þekkjum frekar úr glæpasögum. Einlæg frásögn sem veitir von þeim sem eru fastir á vondum stað og aðstandendum þeirra.“

- Guðríður Haraldsdóttir, blaðamaður

„Baldur lýsir hér á einlægan og opinskáan hátt ótrúlegu lífshlaupi sínu og leyfir lesandanum að sjá inn í heim sem okkur flestum er ókunnugur. Um leið og sagan er átakanleg og á köflum líkust reyfara er hér um raunverulega atburði að ræða og raunverulega sögu manns sem upplifði hörmungar sem ekkert barn á að upplifa. Sagan er jafnframt uppgjör við fortíðina og saga raunverulegrar endurreisnar brotins manns.“

- Theodór Francis, Klínískur félagsráðgjafi

„Þetta er stórkostleg frásögn sem grípur mann frá fyrstu blaðsíðu. Hún færir mann í heim niðurrifs og ofbeldis, fíknar og örvæntingar en tekur lesandann síðan í vegferð vonar og endurreisnar. Það var í þeim hluta sem að skelfingin yfir myrkrinu breyttist í gleðitár sem hættu ekki að renna fyrir en ég lagði þessa magnþrungnu bók frá mér.“

- Hannes Lentz & Guðrún Margrét, stofnendur ABC barnahjálpar

ÚR HELJARGREIPUM

Baldur Freyr Einarsson




Baldur þurfti ekki að leita uppi refilestingu, hann fæddist þar. Á köflum hefði maður viljað spenna öryggisbeltin við lesturinn.
- Guðríður Haraldsdóttir, blaðamaður

FÆST Í ÖLLUM HELSTU VERSLUNUM

Segðu
gríííís!

BÓNUS



Leyndarmál fram í dagsljósið

BÆKUR

Læknirinn í englaverksmiðjunni

Ásdís Halla Bragadóttir

Útgefandi: Veröld

Fjöldi síðna: 323

Elín Hirst

Ásdís Halla Bragadóttir hefur heldur betur leitt lesendur inn á nýjar og óvæntar slóðir á síðustu árum. Fyrst í bókinni Tvísaga sem varð metsölubók og sagði frá erfiðum og viðkvæmum málum sem tengjast móðurfjölskyldu hennar. Síðan kom bókina Hornauga, en í ljós kom að Ásdís Halla hafði verið rangfeðruð og segir sagan frá því hvernig hún fann blóðföður sinn og hálfbróður, og hvaða áhrif það hafði á líf hennar.



Og enn kemur Ásdís Halla okkur á óvart með hádrámatískri sögu Moritz Halldórssonar læknis, sem var af virtum íslenskum ættum, sonur Halldórs Friðrikssonar yfir-kennara Lærða skólans og hinnar danskættuðu Leopoldínu eiginkonu hans. Þegar Ásdís Halla uppgötvaði á fullorðinsárum að hún hafði verið rangfeðruð og fann blóðföður sinn, eins og áður sagði, kynntist hún einnig alveg nýjum ættlegg sem hún hafði ekki haft hugmynd um að hún tilheyrði. Forvitni hennar var vakin þegar mikil leyndi virtist hvíla yfir ævi og örlögum Moritz, sem var langlangafabroróðir hennar.

Í bókinni Læknirinn í englaverksmiðjunni segir frá því hvernig hinn ágæti brodborgarasonur frá Íslandi lendir í miklum hremmingum í Danmörku, þar sem hann er dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir aðild að barnamorðum í Elbagade í Kaupmannahöfn árið 1891.

Barnamorðin í Elbagade eru eitt hvert stærsta glæpamál sem upp hefur komið í Danmörku, en það að íslenskur læknir væri flæktur í málið hefur að mestu legið í þagnar-gildi hér á landi. Dönsku blóðin voru hins vegar uppfull af fregnum um þetta mál á sínum tíma. Íslenskir fjölmiðlar fjölluðu hins vegar lítið um það, af tillitsemi við hinn stór-ættaða Moritz Halldórsson. Í eftirmála segir Ásdís Halla að viðfangs-efnið hafi gripið sig heljartökum, sem auðvelt er að skilja. Hún hafi í fyrstu ætlað sér að skrifa hefðbundna ævisögu, með itarlegum tilvísunum og heimildaskrá, en síðan fallið frá því þar sem form og flæði sögunnar hefði líðið fyrir það. Hún gerir hins vegar vel grein fyrir heimildaöflun sinni á Íslandi, í Danmörku og Bandaríkjunum í skýringum í lok bókunnar, sem gott er að glöggva sig á. Ásdís Halla hefur í raun skrifað hluta af Íslandssögunni sem ekki hefur farið hátt til þessa og þar á hún mikinn heiður skilinn.

Ásdís Halla Bragadóttir er orðin meðal allra bestu og vinsælustu höfundar á Íslandi, enda ekki að ósekju, bækur hennar eru afar vel skrifaðar, djarfær, en samt einlæggar og fagaðar og opna lesandanum dyr inn í nýja heima tilverunnar, aftur og aftur. ■

NIÐURSTAÐA: Snilldarbók sem á hiklaust skilið að verða verðlaunabók.

Ljóð sem langaði ekki í ruslið

Fyrsta ljóðabók Tómasar Ævars Ólafssonar hefur titilinn Umframframleiðsla.

kolbrun@frettabladid.is

Tómas er fyrst spurður hvenær hann hafi byrjað að yrkja. „Ég hef ort með hléum síðan í framhaldsskóla en mest af þeim skáldskap endaði í ruslinu. Þegar ég byrjaði í ritlist í Háskóla Íslands var mér ýtt út í að sýna öðrum verk mín og þar lærði ég líka að diskútera eigin ljóð og annarra og komst að því hvernig unnið var áfram með ljóð. Þá fór ég að sjá nokkur eigin ljóð sem langaði ekki í ruslið, þau vildu verða eftir á borðinu og ég fór að safna þeim. Svo fóru þau að tala saman og þannig varð til umframframleiðsla. Ég sá þráð á milli ljóðanna, byrjaði að tengja þau saman, taka þau í sundur og setja saman upp á nýtt.“

Í aðfaraorðum bókarinnar segir Tómas frá rannsóknum Duncans MacDougall árið 1907, en af þeim dró MacDougall þá ályktun að sál mannsins væri efnisleg og væri nákvæmlega 21 gramm.

Um sálina

Ljóðabók Tómasar fjallar ekki sist um sálina. „Aftarlega í bókinni er ljóð þar sem segir að í hverri manneskju sé að finna 21 gramm af viljastyrk og frestunaráttu. Þetta tiltekna ljóð opnaði fyrir mér ákveðna vídd og ég skrifaði fleiri ljóð sem töluðu við einhvern kjarna í því ljóði. Allt hverfðist þetta um þessa niðurstöðu MacDougall um að sálin sé 21 gramm, sem gangi af þegar við deyjum, hún sé þessi umframframleiðsla, þetta innsta sem við erum alltaf að reyna að tjá með menningu okkar og jafnvel iðnaði.“

Ég er að yrkja um þessa efnislegu eða ekki efnislegu sál sem er þá óefni, með öðrum orðum ekki efni en samt kannski efni. Sögumaður í bókinni leitast til þriggja kvenna því hann vill ná utan um sjálfið í sér. Sögumaðurinn, sem er



Fyrsta ljóðabók Tómasar fjallar ekki sist um sálina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ókyndur, byrjar hjá sálfræðingi sem hlustar, til að greiða úr þeirri flækju sem þetta óefni er. Síðan fer sögumaðurinn á öldurhús, þar sem hann fær að víðra skoðanir sínar en kemst ekkert lengra með þær. Í lok bókunnar er sögumaður kominn til trúnaðarvinkonu sem raunverulega hlustar, en á svo sem ekkert annað ráð en að bjóða manneskjunnar að leggja sig í sófanum, en hlýjan sem hún veitir er nauðsynleg gagnvart neyslu og þar með þjáningu heimsins. Það er skjól í svefninum og hvíldinni.“

Mósaik sinna

Tómas segist hafa gert mörg uppköst að bókinni. „Í byrjun áttu að vera þrjár meginkaflar en þeir voru síðan teknir í sundur. Ljóðin voru fyrst með titla en þeir voru teknir



Ég er að yrkja um þessa efnislegu eða ekki efnislegu sál sem er þá óefni, með öðrum orðum ekki efni en samt kannski efni.

út og í staðinn gerðar tilraunir með kaflaheiti. Þetta voru mikil endurskrif. Mörg ljóð byrjuðu sem ákveðnar heildir en erindi í þeim enduðu síðan á nokkrum mismunandi stöðum í bókinni. Það var mósaikvinna að búa til þessa heild þar sem ég var nokkurn veginn að stela myndum frá sjálfum mér og dreifa þeim um verkið.“

Spurður hvernig tilfinning það sé að fá fyrstu bók sína í hendur segir hann: „Það að sjá hana og halda á henni var skráttin tilfinning og henni fylgdi smá kvíði. Hugsun mín hafði ratað í bók og nú þarf ég að læra að lifa með þeirri afurð.“

Spurður hvort fleiri bækur séu á leiðinni segir Tómas vera að endurskrifa skáldsöguhandrit og bætir við: „Það fjallar vonandi ekki um ráðvilltan mann í Reykjavík.“ ■

Máttlaus símfónía Höгна

TÓNLIST

Símfóníuhljómsveit Íslands flutti tónlist eftir Höгна Egilsson

Norðurljós í Hörpu

föstudaginn 5. nóvember

Jónas Sen

Ég var ekkert sérstaklega hrifinn af Kötlum á Netflix. Þættirnir voru samt frábærlega gerðir, en sagan höfðaði ekki til mín. Tónlistin, sem var eftir Höгна Egilsson, var þó prýðisgóð. Hún var full af stemningu, en afar fjölbreytt og gædd skemmtilegri hugmyndaauði. Hún var í senn dægurlagakennd, en líka sigild í akademískum skilningi.

Því miður er það svo, að tónlist sem er samin fyrir myndefni, virkar miður vel ein og sér. Þannig var það á föstudagstónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands, þar sem eingöngu tónlist eftir Höгна var flutt. Meðal annars voru tvö símfónísk ljóð úr Kötlum á dagskránni. Þau voru mjög drungaleg, í takti við sjónvarpsþættina, sem var auðvitað í finu lagi. Hins vegar var flutningurinn ekkert til að hrópa húrra fyrir.

Óskýr söngur

Hljómsveitin lék að vísu ágætlega undir nákvæmri stjórn Kornilios Michailidis. En söngur Höгна var



Símfóníuhljómsveit Íslands flutti tónlist eftir Höгна Egilsson í Hörpu.

fjarskalega óskýr, þrátt fyrir að hann syngi í míkrofón. Ekki heyrðist orðaskil fyrir hljómsveitinni, sem spilaði býsna sterkt. Það hafði þau áhrif að maður vissi aldrei um hvað Högni var að syngja.

Dapurlegir taktarnir í söngvaranum miðluðu þó því að umfjöllunar-efnið var eitthvað ógurlega sorglegt, en óskýr söngurinn gerði heildarmyndina tilgerðarlega. Högni spilaði auk þess á píanó með hljómsveitinni, og hann gerði það svo lágt að sjaldan heyrðist í honum.

Símfónían komst ekki á flug

Aðalverkið á efnisskránni var samt ekki tónlistin úr Kötlum, heldur símfónía eftir Höгна sem hér var frumflutt. Hún var vegleg eins og símfónía á að vera. Framvindan í tónlistinni var töluverð og byggðist á ólíkum köflum; einn tók við af öðrum. Sumt var flott, sérstaklega hápunkturinn. Megnið af hljómsveitinni skapaði þá athyglisverða, dálítið draumkennda áferð í kraftmiklum leik.

Engu að síður náði tónsmíðin

aldrei alveg að komast á flug. Af hverju ekki? Victor Hugo sagði að tónlist væri um það sem ekki er hægt að koma orðum að, en er samt ekki hægt að þegja yfir. Það var akkúrat þetta sem virtist ábótavant, verk Höгна hafði svo lítið að segja.

Ekki málverk, bara teikning

Símfónían hljómaði ekki eins og hún væri spröttin af innri þörf, heldur að hún væri samin eftir fyrir fram ákveðnu mynstri. Hún var ekki málverk, heldur teikning með tölum sem á að fylla upp í með litum. Tónlistin skildi fátt eftir sig. Í staðinn var tilgerð sem var ekki sérlega lystug.

Ég velti því fyrir mér hvort Höгна hafi ekki bara langað til að vera meira afstrakt. Tónlistin virkaði einhvern veginn svo. Það var eins og tónskáldið vildi fara í tiltekna átt, en þorði það ekki, því hann var svo hræddur við að þannig yrði tónlistin óskiljanleg. Kannski er Högni einfaldlega of fastur í viðjum dægurtónlistarinnar, þar sem leitast er við að gera sem flestum til hæfis. Helsti gallinn við símfóníuna var einmitt sá að hún fór hreinlega ekki alla leið. ■

NIÐURSTAÐA: Tónlist Höгна Egilssonar virkaði tilgerðarleg á tónleikunum.



Lipur saga fyrir trygglynda lesendur

BÆKUR

Launsátur

Jónína Leósdóttir

Útgefandi: Mál og menning

Fjöldi síðna: 307

Björn Þorláksson

Það hefði verið ansi nóturlegt ofan á allan samfélagsóttann og þunglyndið sem fylgdi upphafi kórónaveirufaraldurs hér á landi ef einhver hefði líka tekið upp á því að fela nálar í matvælum fyrir almenning. Á þessu kveikir Jónína Leósdóttir og vekur samstundis áhuga lesanda í blábyrjun nýrrar bókar sinnar, Launsáturs, lögreglusögu sem gerist í färlinu í fyrria.

Launsátur fellur í flokk Covid-bóka, sem nú koma út líkt og á färi-bandí. Fyrir flesta er forvitnilegt að rifja upp hvernig við hugsuðum og hegðuðum okkur þegar faraldurinn sköp hvað mestan ótta í fyrravor.

Í viðtali vegna útgáfu nýju bókarrinnar sagði Jónína að hún hefði verið að vinna allt aðra sögu sem hún ákvað að leggja til hliðar af því að hana langaði til að skrifa bók þar sem heimfaraldurinn litaði líf persónanna. Það tekst ágætlega. Sagan mun síðar dæma hvort við munum enn betur kunna að meta svona sögur þegar horft verður til baka úr meiri fjarlægð.

Adam, annar hlutinn í tvíeykinu sem reynir að leysa sakamálagátuna, er forvitnileg og vel skrifuð persóna. Karakter hans gerir að verkum að maður les alltaf áfram og leiðist aldrei. Fengur er að fá að skyggast í hans hugarheim, ekki síst þar sem Adam er af erlendu bergi brotinn. Hann stelur þó svolítið senunni frá lögreglukonunni Soffiu, sem er fyrrverandi eiginkona Adams.

Togstreitan sem getur fylgt því að fyrrverandi hjón vinni að laun sakamáls er áhugaverð. Kannski verður vægi vinnu Adams í rannsókninni þó fullmikið á köflum. Ekki síst í ljósi þess að Soffia er atvinnumanneskja en Adam er amatör.

Einn meginkostur persónusköpunar er aftur á móti að höfundur tekst vel að sneiða fram hjá klisjum. Hliðarsögur eru líka ágætlega unnar og það er ekki síst þeim að þakka hve sagan rennur vel. Jónína tekur sig aldrei of alvarlega sem höfundur. Hún á auðvelt með að skrifa bækur sem fólk les án áreynslu sér til yndis og skemmtunar. Oft fylgir skarpt sjónarhorn á samfélagið og þá miklu áskorun sem felst gjarnan í því að vera manneskja og ósla lífsgötuna áfram.

Líklegt er að parið Adam og Soffia séu komin til að vera. Munu margir gleðjast yfir því, enda lesendahópur Jónínu trygglyndur. ■

NÍÐURSTAÐA: Ágætlega fléttuð saga sem rennur ljúflega án þess að steyta nokkru sinni á skeri. Stak í bókamengi hinna fordæmalausu tíma.

Svartálfadans í Breiðholtskirkju

kolbrun@frettabladid.is

Á tónleikum 15:15 tónleikasýrþunnar í Breiðholtskirkju laugardaginn 13. nóvember klukkan 15.15, flytja þau Magnea Tómasdóttir sópransöngkona og Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari efnisskrá með verkum eftir Jón Ásgeirsson, undir yfirskriftinni Svartálfadans. Flutt verða ljóð Jóns Óskars: Hafljóð, Augu landsins, Stúlkan og hafið, og Skáld-



Flutt verða ljóð Jóns Óskars.

íð, þau tvö síðastnefndu í fyrsta sinn. Á seinni hluta tónleikanna verður fluttur ljóðaflokkurinn Svartálfadans eftir Stefán Hörð Grímsson. ■




Jón Ásgeirsson tónskáld.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



RP / MBL



„... bókin er ein af þeim sem hverfa ekki fljótt úr huga lesandans heldur sitja eftir með honum ...“

RAGNHILDUR ÞRÁSTARDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

„Hún er bara ótrúlega vel skrifandi ... frábær í að draga upp tíðarandamyndir.“

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR / KILJAN

„Mjög skemmtilegt.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

Frumlega fléttuð skáldsaga um glæstar vonir og gráleg örlög eftir Sigrúnu Pálsdóttur sem hlaut Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins fyrir *Delluferðina*



EUROPEAN UNION
PRIZE FOR LITERATURE



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is

Föstudagur



Á hverjum degi velur fjöldi viðskiptavina Orkunnar að kolefnisjafna aksturinn sinn með því að gefa hluta af afslætti sínum til Votlendissjóðs. Votlendissjóður nýtir fjármunina til að endurheimta votlendi sem er áhrifarík, einföld og ódýr leið sem skilar strax árangri.

Vertu með, leggðu þitt að mörkum í loftslagsmálum og byrjaðu að kolefnisjafna á orkan.is.



JAFNAÐU
ÞIG HJÁ
ORKUNNI

Hringbraut

- 18.30** Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00** 433.is (e) er fréttá- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 19.30** Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.00** Bíóbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
- 20.30** Fréttavaktin Helstu fréttir vikunnar með Margréti Erlu Maack.
- 21.00** 433.is (e) er fréttá- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

RÚV Sjónvarp

- 13.00** Heimaleikfimi
- 13.10** Hjólmsveit kvöldsins
- 13.35** Útvar 2007-2008 Fjarðarbyggð - Reykjavík.
- 14.30** Eldað með Niklas Ekstedt
- 15.00** Mósaik 2002-2003
- 15.30** Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Pétur Gunnarsson.
- 16.15** Poirot. Agatha Christie's Poirot
- 17.05** Þú ert hér Einar Örn Benediktsson.
- 17.30** Nörd í Reykjavík (5 af 5)
- 18.00** KrakkaRÚV
- 18.01** Sögur af apakóngi
- 18.23** Maturinn minn
- 18.35** Húllumhæ
- 18.50** Lag dagsins Íslensk tónlistarmyndbönd alla virka daga fyrir fréttir.
- 19.00** Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
- 19.25** Íþróttir
- 19.35** Veður
- 19.45** Kappmál Keppendur kvöldsins eru þau Guðmundur Felixson, Puriður Blær Jóhannsdóttir, Starkaður Pétursson og Kristín Pétursdóttir.
- 20.55** Vikan með Gísla Marteini
- 22.00** Barnaby ræður gátuna - Dauði fiðrildanna. **Death of the Small Coppers** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglu-fulltrúi rannsakar morð á fiðrildasafnara sem finnst festur upp við vegg líkt og söfnunargripir hans. Meðal leikenda eru Neil Dudgeon og Nick Hendrix. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.30** DNA. DNA
- 00.10** Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 06.00** Women's Amateur Asia-Pacific Championship Bein útsending frá opnu meistaramóti kvenna á Kyrrahafs- og Asíusvæðinu.
- 10.00** Champions Tour Highlights
- 11.00** LET Tour Bein útsending frá Aramco Team Series - Jeddah.
- 15.00** PGA Tour Bein útsending frá Pelican Women's Championship.
- 18.00** PGA Tour Bein útsending frá Houston Open.
- 21.00** European Tour Útsending frá AVIV Dubai Championship.

Sjónvarp Símans

- 12.30** Dr. Phil
- 13.15** The Late Late Show
- 14.00** Young Rock
- 14.25** Bachelor in Paradise
- 16.50** The King of Queens
- 17.10** Everybody Loves Raymond
- 17.35** Dr. Phil
- 18.20** The Late Late Show
- 19.05** Vinátta
- 19.30** Missir
- 20.10** The Bachelorette
- 21.40** Stronger
- 23.40** American Hustle
- 01.55** You, Me and Dupree
- 03.40** Tónlist

RÚV Rás eitt

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50** Morgunvaktin
- 07.00** Fréttir
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.00** Fréttir
- 09.05** Í ljósi sögunnar
- 09.45** Morgunleikfimi
- 10.00** Fréttir
- 10.03** Veðurfregnir
- 10.13** Óskastundin
- 11.00** Fréttir
- 11.03** Mannlegi þátturinn
- 12.00** Fréttir
- 12.03** Hádegjð Fyrri og seinni hluti
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.42** Hádegjð
- 13.00** Dánarfregnir
- 13.02** Samfélagið
- 14.00** Fréttir
- 14.03** Skyndibitinn Hugleiðing um mannlegt hlutskipti og dauðleika.
- 15.00** Fréttir
- 15.03** Sögur af landi
- 16.00** Síðdegisfréttir
- 16.05** Vinill vikunnar
- 17.00** Fréttir
- 17.03** Lestarklefinn
- 18.00** Spegillinn
- 18.30** Brot úr Morgunvaktinni
- 18.50** Veðurfregnir
- 18.53** Dánarfregnir
- 19.00** Flugur Tónlist úr sjónvarpsþáttum.
- 19.45** Lofthelgin
- 20.35** Mannlegi þátturinn
- 21.40** Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi (5 af 32)
- 22.00** Fréttir
- 22.05** Veðurfregnir
- 22.10** Samfélagið
- 23.05** Lestarklefinn

Stöð 2 Bíó

- 10.45** Palm Beach
- 12.20** Mamma Mia
- 14.10** Back to the Future II
- 15.50** Palm Beach
- 17.25** Mamma Mia
- 19.15** Back to the Future II Marty McFly er nýkominn heim úr fortíðinni, þegar klinkaði vísindamaðurinn sem fann upp DeLaurean tímavélina, Dr. Emmett Brown, mætir á svæðið til að ná í hann og senda hann til framtíðar.
- 21.00** The Dead Don't Die
- 22.45** Hellboy. Rise of the Blood Queen Spennandi og kómisk ævintýramynd frá 2019 með stórleikurum á borð David Harbour, Millu Jovovich og Ian McShane.
- 00.40** The Mule
- 02.35** The Dead Don't Die Fyndin hrollvekja frá 2019. Íbúar í hinum rólega og friðsama bæ Centerville, þurfa að takast á við hjarðir uppvakninga.

Stöð 2

- 07.55** Heimsókn
- 08.15** The Mentalist
- 09.05** Bold and the Beautiful
- 09.25** The Great Christmas Light Fight
- 10.05** Supernanny
- 10.50** Curb Your Enthusiasm
- 11.30** Schitt's Creek
- 11.55** Flipping Exes
- 12.35** Nágrannar
- 12.35** Friends
- 12.55** The Great British Bake Off
- 14.00** Svörum saman
- 14.30** Eldhúsið hans Eypórs
- 14.55** Grand Designs. Australia
- 15.45** Shark Tank
- 16.30** Real Time With Bill Maher
- 17.35** Bold and the Beautiful
- 18.00** Nágrannar
- 18.26** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.50** Sportpakinn
- 18.55** Stóra sviðið Nýr fjölskylduþáttur þar sem skemmtun og afþreying eru í aðalhlutverki. Steinunn Ólína leggur fyrir þá Auðunn Blöndal og Steinda Jr., fyndnar og fjölbreyttar áskoranir. Í hverjum þætti fá þeir til sín þjóðþekkt einstaklinga sem aðstoða þá við að leysa þessar þrautir eftir sinni bestu getu. Áskoranirnar eru allt frá kvikmyndagerð yfir í rómantík og þurfa þeir að leggja allt sitt í sölnar til að vinna hylli áhorfenda sem síðan kjósa sigurvegara hvers þáttar fyrir sig.
- 19.40** Wipeout
- 20.25** Valley Girl
- 22.05** 21 Bridges
- 23.45** Endless
- 01.15** The Mentalist
- 02.00** Shark Tank
- 02.45** Curb Your Enthusiasm
- 03.25** Flipping Exes
- 04.10** Schitt's Creek
- 04.30** Friends

Stöð 2 Sport

- 07.20** Tilþriffin
- 08.05** Breiðablik - Þór Þ. Útsending frá leik í Subway deild karla í körfubolta.
- 09.45** Valur - ÍR
- 11.25** Tilþriffin
- 12.15** Subway körfuboltakvöld kvenna
- 13.10** ÍBV - Afturelding Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 14.35** Seinni bylgjan
- 15.50** Breiðablik - Þór Þ.
- 17.30** Valur - ÍR
- 19.10** Tilþriffin
- 20.00** KR - Stjarnan Bein útsending frá leik í Subway deild karla í körfubolta.
- 22.00** Subway körfuboltakvöld karla
- 23.05** Tilþriffin
- 23.50** KR - Stjarnan

Stöð 2 Sport 2

- 07.00** Bröndby - Rangers
- 08.40** Ferencvaros - Celtic
- 10.25** Leikur Útsending frá leik í sænsku úrvalsdeildinni.
- 12.05** Dag & Red - Salford
- 13.45** Ensku bikarmörkin
- 14.10** Denver Nuggets - Houston Rockets
- 15.50** Georgia - Svíþjóð
- 17.30** Grikkland - Spánn
- 19.10** Markaður HM 2022
- 19.35** England - Albanía Bein útsending frá leik í undankeppni HM 2022.
- 21.45** Markaður HM 2022
- 22.25** Toronto Raptors - Brooklyn Nets
- 00.05** Ítalía - Sviss

larson®

- áklæðningar



Með samsettu Larson áklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta og áferðafallega áklæðningu við hvaða aðstæður sem er.

Larson áklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Helstu kostir:


- Eldþolnar
- Léttar og sléttar
- Einstakt veður- og efnapól
- Burðarkerfi sem henta mismunandi verkefnum
- Hávaða- og hitaeinangrun
- Umhverfisvænar (endurvinnanlegt efni)
- Fjöldi lita og efnisáferða
- Allt að 20 ára ábyrgð

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX
www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

Allra best



Bók Meðal hvíttra skýja

Bókin Meðal hvíttra skýja lætur ekki mikið yfir sér en hún geymir skáldskap sem hefur ekki gleymst og mun aldrei gleymast. Hér eru fornar kinnverskar vísur frá tímum Tang-keisaraættarinnar sem ríkti frá 618-907. Hjörleifur Sveinbjörnsson þýðir og skrifar jafnframt inngang og skýringar. Það þarf ekki að lesa lengi í þessari litlu en innihaldsríku bók til að heillast. Skáldskapur sem á yfirborðinu virðist einfaldur en býr yfir dýpt og vekur upp alls kyns hugrenningar hjá lesandanum. Bók sem má alls ekki týnast í jólabókaflóðinu.



Myndlist Carl Boutard

Listamaðurinn Carl Boutard sýnir skúlptúra sína í Ásmundarsafni innan um verk Ásmundar Sveinssonar. Þarna eru risastórir skúlptúrar sem minna á ótal margt í náttúrunni, gerðir úr pappír, keramik, gífsi og frauðplasti. Greinilegt er að verkin slá í gegn hjá gestum sýningarinnar sem hafa verið ósárir á að láta mynda sig hjá þeim. Börnin eru áberandi stórhreif, list Boutard ratar svo sannarlega til þeirra. Húsið sjálft og umhverfið eru síðan listaverk í sjálfu sér, þannig að heimsókn í safnið skilur mikið eftir sig. Sýning sem eindregið er mælt með. ■



Harpa Kára-dóttir, förðunarfræðingur og eigandi Make-Up Studio Hörpu Kára, er tilbúin fyrir kólnandi veður.
MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR



Clarins Take the day off oliuhreinsir

„Á þessum árstíma færi ég mig yfir í oliuhreinsa eða balm-hreinsa. Minn upphalds núna heitir, Take the day off frá Clinique. Ég ber hann á allt andlitið og hann bræðir í rauninni farðann af, svo nota ég heitan þvottapoka til að þrifa andlitið eftir á.“



Vetrarhúðrúttina Hörpu Kára

svavamarin@frettabladid.is

Með kólnandi veðri er góð húðumhirda mikilvægur partur af daglegri rúttinu að sögn Hörpu Káradóttur, förðunarfræðings og eiganda Make-Up Studio Hörpu Kára.

„Hrein húð er lykillinn að öllu og er afar mikilvægt að þrifa húðina fyrir nóttina. Allir ættu að eiga góð rakakrem fyrir veturinn til að viðhalda rakastigi húðarinnar og að forðast þurrk,“ segir Harpa.

Valið getur reynt sumum erfitt

þar sem úrvalið er afar fjölbreytt og mælir hún með að fólk prófi færri vörur en fleiri í einu. „Ef húðin er ekki von að nota þetta mikla magn af vörum bregst hún oft illa við og hvet ég fólk til að prófa eina vöru í einu,“ segir Harpa.

Þegar kólnar er gefið mál að margt sem virkar vel á sumrin virkar ekki á veturna og mælir Harpa með að skipta snyrtivörum út á milli árstíða sem til að mynda veita meiri raka á veturna, sem er ekki eins áriðandi yfir sumartímann. ■

Skyn Iceland Nordic Skin Peel ávaxtasýruskífur

„Skyn Iceland ávaxtasýruskífur eru mjög góðar til að jafna húðina undir förðun. Ég skrúbba vandamálsvæði á kvöldin og set síðan krem eftir það. Ef fólk er ekki vant að nota sýrur og skrúbba þarf að byrja hægt kannski einu sinni til tvisvar í viku.“



Bioeffect EGF power cream

„EGF power cream frá Bioeffect er í miklu upphaldi þessa daga og hentar mér og þessum veðurbreytingum ótrúlega vel án þess að erta húðina. Ég hef verið að nota það krem bæði kvölds og morgna.“



Weleda Skin Food Ultra-Rich Cream

Harpa hefur notað Weleda Skin Food í mörg ár og segir það algjöra rakabombu. „Formúlan er mjög hrein og náttúruleg og get ég notað það á mig og börnin mín á alla þurrkubletti. Ég nota það þegar húðin þarf extra raka og fitu. Það er einnig hægt að nota það sem rakamaska, bera á í þykku lagi og biða í 10 til 12 mínútur. Þeir sem eru með feita húð þurfa í þessu tilfelli að fara varlega í sakirnar.“



Clarins Beauty Flash Eye Revive augnkrem

„Augnkrem frá Clarins, Beauty Flash Eye Revive er mikilvægur partur af minni húðrúttinu. Það dregur úr bólgu, þrota og kælir augnsvæðið. Ég átti tvíbura fyrir 15 mánuðum síðan og við erum enn að eiga við mikið svefnleysi.“ Að sögn Hörpu færi þetta krem með henni á eyðieyju.



Smashbox Photo Finish Smooth & Blur Primer

Fólk sem er vant að nota þúður getur fundið fyrir þurrki í húðinni við notkunina á veturna að sögn Hörpu og er gott að breyta notkun á förðunarvörum á milli árstíða. „Ég mæli með einni lykilvöru sem dregur úr glansi og því hægt að sleppa að nota þúður, það er primer frá Smashbox, Photofinish. Primerinn er glær og mattur sem jafnar áferð húðarinnar og fyllir upp í svitaholur,“ segir hún.

Vandaðir sófar frá Franco Ferri

Sjá nánar á patti.is

Kíktu í heimsókn!

Opíð virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

RÍSANDI STJARNNA!

2.

Metsölulisti
Eymundsson
Innbundi n
skáldverk

KEMUR ÚT Í YFIR
80
LÖNDUM



Marrið í stiganum hlaut virtustu glæpasagnaverðlaun Bretlands sem frumraun ársins 2021 og kemur nú út um víða veröld.

Þú sérð mig ekki er engin venjuleg spennusaga!

„ÁREYNSLULAUS ... FULLÞROSKUÐ ...
GRÍPANDI GLÆPASAGA“

Lestrarklefinn.is

SVAR
FUGLINN



www.bjartur-verold.is

 bjartur

VERÖLD 

FRÉTTA
VAKTINFréttumfjöllun
fyrir alla

FRÉTTAVAKTIN

kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga kl. 18.30 á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Gústi segir að ef eitthvað, þá sé refurinn stressaður vegna áreitni yfirvalda en ekki eignarhalds síns. Mynd/Aðsend

Rekur sögu refamálsins
mikla í nýjum rappslagara

Gústi B gaf út nýtt lag á miðnætti en lagið heitir Gústi Jr. Þar opnar hann sig um baráttuna við Matvælastofnun, yfirvöld og gagnrýndur vegna þessa frægasta refs á Íslandi.

odduraevar@frettabladid.is

„Ég kíkta í útvarpsviðtal um daginn þar sem ég ákvað að rappa um málið og það var þá sem ég fattaði að ég þyrfti að koma einhverju frá mér, í bundnu máli. „Af því að ég er náttúrulega rappari, plötusnúður og leikari. Maður er náttúrulega ekki bara refaeigandi sko, þó að maður sé þekktastur fyrir það í augnablikinu.“ segir samfélagsmiðlastjarnan Ágúst Beinteinn Ágústsson, betur þekktur sem Gústi B.

Hann segir að umræðan síðustu vikur og mánuði hafi tekið á sig og refinn og vill hann með laginu fá útrás. „Og lagið fjallar um hann Gústa, refinn minn. Það eru margir búnir að tjá sig um þetta mál en nú mun ég útkljá þetta í eitt skipti fyrir öll og er markmiðið að loka stóra refamálinu á mínum eigin forsendum og klára þetta með stæl.“

Gústi viðurkennir að líklega muni málinu þó ekki ljúka með laginu. „En lagið er að minnsta kosti eitthvað sem ég þarf að koma frá mér,“ segir Gústi og heldur áfram:

„Þetta hefur tekið sinn toll, ekki síst fyrir hann júnior minn. Og sérfræðingar hjá Matvælastofnun vildu meina að hann væri orðinn svolítið



Gústi eldri segist opna sig upp á gátt í myndbandinu þar sem hann veltir við öllum steinum.



Þau tala skít á Twitter en ég læt það ekki á mig fá.“

stressaður. Ég held það gæti einmitt verið út af öllum þessum ofsóknum yfirvalda, það gæti verið,“ segir Gústi og má þar greina hæðnistón.

Tala skít á Twitter

Hann segir engan bilbug á sér að finna. „Þetta er eins og ég segi í laginu sko: „Þau tala skít á Twitter en ég læt það ekki á mig fá.“ Hinn annalaði pródúsent Ingi Bauer gerir lagið með Gústa.

„Ég tók upp lagið hjá honum og hann hafði fylgst mikið með refamálinu mikla og hjálpaði mér með framkvæmdina. Þegar maður gerir

tónlist um eitthvað sem skiptir máli, þá er það eitthvað allt annað og sérstakt, í stað þess að rappa bara um hvað maður er nettur og ríkur.“

Með laginu kemur út tónlistarmyndband, sem er alfarið teiknað. „Og Gústa jr. er í fyrsta skipti breytt í teiknimyndafígúru. Ég er rosalega spenntur að sjá hvernig fólk tekur í það, hann er með gullkeðju og allt.“

Hann segir Gústa jr. alls ekki vera að fara neitt, þótt lagið eigi að loka málinu. „Gústi er ekkert á förum sko en ég kannski dreg hann úr sviðsljósinu, fyrst þetta er farið að hafa svona rosalega stressandi áhrif samkvæmt sérfræðingunum,“ segir hann hlæjandi.

Gústi segir sig og refinn fá fjölmargar fyrirspurnir um afmælskveðjur. „Það eru allir sem vilja afmælskveðju frá júníornum, það er bara þannig. Og fyrirtæki eru líka mikið búin að vera að hafa samband, þau vilja fá auglýsingar og svoleiðis á samfélagsmiðlunum.“ ■

Lykilspurningin

Hver gæti leyst morðið á Arnaldi?

Bragi Páll
Sigurðsson
rithöfundur

„Óff, góð spurning. Tómas Tómasson lögreglumaður er í bókinni yfir rannsókn málsins, það er svo kannski

bara lesenda að dæma hvort hann gæti upplýst hver morðinginn er

eður ei,“ svarar rithöfundurinn Bragi Páll Sigurðsson lykilspurningu dagsins.

Bragi gaf nýverið út sína aðra skáldsögu: *Arnaldur Indriðason deyr*. Líkt og titillinn ber með sér fjallar bókinn um morðið á Arnaldi Indriðasyni og fléttast þar persónur úr raunveruleikanum inn í sögu Braga. Hægt væri að sjá fyrir sér ýmsa möguleika í stöðunni.



Sjálfsgagt myndi Arnaldur best treysta sínum Erlendi fyrir morðrannsókn sinni sem gæti einnig farið í langdregið og formlegt ferli hjá ráðgátuleysinum glögga Birgi Ármanns, sem myndi sennilega slystast til þess að leysa málið eftir að hafa óvart rambað á mikilvæga vísbendingu í gömlum skókassa í kjallara kaupfélags Borgnesinga. ■



BYRJAÐU DAGINN Á ALVÖRU ÍTALSKRI UPPLIFUN



Segafredo er bragðmikið alvöru ítalskt kaffi. Hvort sem þú velur malað, espresso, baunir eða hylki getur þú treyst því að dagurinn hefst með ríkulegu bragði í hæsta gæðaflokki.

Segafredo
ZANETTI



Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
 Guðmundsdóttur



Hrísvöndurinn

Breytingar eru oftast góðar. Í það minnsta þegar kemur að auknu umburðarlyndi. Við fyrstu sýn virðist samfélagið okkar einsleitt en margbreytileikinn býr undir yfirborðinu, við þurfum bara að sjá hann og meðtaka.

Sumir telja framtíð íslenskuunnar ógnað af auknum fjölbreytileika. Þannig virðist kynhlutlaus íslenska valda fjölda fólks miklum áhyggjum. Þá er hrísvöndur þess sem allt veit gjarnan dreginn undan rúminu og notaður til að berja svolitíð á lyklaborðinu. Af hverju að tala um björgunarsveitarfólk þegar hægt er að tala um björgunarsveitarmenn?!?

Við búum í fjölmenningsamfélagi og við búum í fjölkynjasamfélagi, þar sem við megum öll vera eins og við erum. Tungumálið okkar þarf að endurspeglar fjölbreytileikann.

Íslenskan er sameign þjóðarinnar og þróast og þroskast í takti við aukinn samfélagsþroska og breyttan tíðaranda. Orðanotkun sem fyrir nokkrum áratugum var talin í fínasta lagi hefur verið aflögð – enda er hún meiðandi. Framtíð tungumáls sem útilokar stóran hluta þjóðarinnar er ekkert sérstaklega björt. En ef við eigum öll okkar stað innan íslenskuunnar, þar sem okkur líður vel, munum við halda áfram að nota hana. Leggjum hrísvendinum og búum til pláss fyrir öll sem kjósa að tala tungumálið okkar. ■

Hästens Blue Check
 Since 1978

ICONIC? CHECK.

Hið einstaka bláköflotta Hästens-áklæði er táknrænt fyrir heimspeki okkar: að búa til svo fullkomið rúm að það haldi þér meira vakandi. Tilfinningin sem þú færð þegar gormar, hrosshár, ullartrefjar, bómull, hör og viður vinna saman er í raun ávöxtur nærri 170 ára linnulausrar vinnu. Því það er það sem þarf til að leggja grunn að betri degi.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Hästens since 1852

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
 STARFSKRAFTINN
 Í MEST LESNA
 ATVINNUBLAÐI
 LANDSINS!***

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
 Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
 Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HÄSTENS VERSLUN
 Faxafeni 5, Reykjavík
 588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
 Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
 www.betrabak.is

**Betra
 BAK**